

Heit og ljúffeng

PIZZA
 Hafnarstræti 7 - 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu



Símanúmer
 Landsbankans
 á Ísafirði
 er
410 4156

Landsbankinn
 Sími 410 4156
 Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 8. febrúar 2007 · 6. tbl. · 24. árg.



Gríp tækifærin þegar ég sé þau

– athafnamaðurinn Sævar Hjörvarsson ætlar sér stóra hluti á Ísafirði. Sjá viðtal í miðopnu

Unglingastigið ekki flutt í andstöðu við foreldra og íbúa

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, telur mikilvægt að haldnir verði opnir fundir um mögulegan flutning unglíngastígs grunnskólanna á Flateyri og Suðureyri til Ísafjarðar. Segir hann einsýnt að ekki verði af flutningi í andstöðu við foreldra og íbúa. „Sú andstaða hefur komið fram og því verður bæjarstjórn að taka ákvarðanir sínar í samræmi við það“, segir Halldór. Vísar Halldór auk þess í bókann um málið þar sem skýrt komi fram að ákvörðunin verði ekki tekin

einhliða af bæjaryfirvöldum. Segist Halldór vilja rifja þetta upp til að undirstrika hvernig meirihluti hefur afgreitt málið síðan það var tekið á dagskrá við vinnslu fjárhagsáætlunar. Þann 28. nóvember 2006 var eftirfarandi bókun gerð í fræðslunefnd: „Fræðslunefnd vísar hugmyndum um hagræðingu til bæjarráðs og leggur áherslu á að hugmyndir um aukna samkenslu unglíngastígs Flateyrrar og Suðureyrrar við Ísafjörð þarf að kynna og ræða á vettvangi foreldra, nemenda, kennara og stjórn-



Grunnskólinn á Ísafirði.

enda.“ Þann 7. desember 2006 var eftirfarandi bókun lögð fram í bæjarstjórn: „Gísli H. Halldórsson, forseti, lagði fram svohljóðandi bókun meirihluta við 7. lið 246. fundargerðar fræðslunefndar. „Meirihluti bæjarstjórnar leggur áherslu á að hugmyndir um aukna samkenslu unglíngastígs á Flateyri og Suðureyri eru á þessu stigi til umræðu og kynningar. Megináherslan er á faglegan þátt skólastarfsins fremur en fjárhagslegan. Ekki verður tekin ákvörðun

um útfærslu fyrir en að loknu samráði við foreldra, nemendur, kennara og skólastjórnendur.“ Í stefnuræðu við síðari umræðu með fjárhagsáætlun þann 21. desember 2006 kom þetta fram varðandi unglíngastigið á Flateyri og Suðureyri: „Hagræðingarkrafa á fræðslusviði vegna 8. 9. og 10. bekkjar á Suðureyri og Flateyri verður ekki tekin fyrir fyrir en að loknu samráðsferli við alla hlutaðeigandi eins og áréttað hefur verið margoft áður.“ – eirikur@bb.is

Samkaup *úrval*

OPIÐ:
 virka daga kl. 09 - 21
 laugard. 10-21
 sunnud. kl. 12 - 21
Verið velkomin!

Samkaup *úrval*
NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“
 ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA ÞJÓNUSTA EIMSKIPS
 525 7800



Dagurinn í dag

8. febrúar 2007 – 39. dagur ársins

Þennan dag árið 1935 strandaði enskur togari, Langanes frá Grimsby, í ofviðri við Svalvogshamra, milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og fórst öll áhöfnin, fjórtán menn.



Málum hjá lögreglunni miðar misvel

Nokkur mál eru nú til rannsóknar hjá lögreglunni á Ísafirði, m.a. tvö innbrot, annað framið snemma í janúar þar sem brotist var inn í söluskála Ezzo á Suðureyri, þar sem þjófurinn hafði meðferðis nokkra smokkapakka, og síðan annað sem framið var undir lok janúar þar sem brotist var inn í þjónustuver Glitnis á Ísafirði og þar stolið tölvuskjá. Lögreglan á Ísafirði vill koma þeim ábendingum til fólks, ef það hafi einhverjar upplýsingar um innbrotin að hafa samband.

Fyrir skömmu bárust lögreglu tilkynningar frá unglingsstúlkum á Ísafirði, þess efnis að ókunnur aðili eða aðilar bæðu um leyfi til að eiga samtali við þær á MSN tölvusamskiptaforritinu og beraði sig svo í vefmyndavél. Að sögn lögreglu er lítið hægt að segja um það mál á þessum tímapunkti.

– annska@bb.is

Ekki marktækur munu milli landshluta

Alls tóku 423 nemendur í 4. bekk í Norðvesturkjördæmi samræmt próf í stærðfræði í október síðastliðnum, og var meðaleinkunn þeirra 6,7. 403 nemendur í 4. bekk tóku samræmt próf í íslensku og var meðaleinkunn þeirra 6,7. Nemendur í 7. bekk sem tóku samræmt próf í stærðfræði voru 457 og var meðaleinkunn þeirra 7,0. 447 nemendur tóku samræmt próf í íslensku og var meðaleinkunn þeirra 6,7. Voru nemendur í 4. bekk nákvæmlega á landsmeðaltali í báðum sínum prófum, en landsmeðaltal 7. bekkinga í stærðfræði var 7,3 og í íslensku 7,0, og voru 7. bekkingar í Norðvesturkjördæmi því lítið eitt undir landsmeðaltali. Þetta kemur fram í vefriti menntamálaráðuneytisins. Þar segir að ekki sé marktækur munur á milli landshluta, og dreifingin sé svipuð og á síðasta ári.



Skrifað var undir þjónustusamning á mánudag. F.v. Eypór Ólafur Bergmannsson, viðskiptastjóri hjá Símanum, Ingi Þór Ágústsson bæjarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson framkvæmdastjóri hjá Símanum og Þorleifur Pálsson bæjarritari.

Ísafjarðarbær gerir tveggja ára þjónustusamning við Símann

Ísafjarðarbær hefur gert tveggja ára þjónustusamning við Símann um talsíma, farsíma og gagnaflutningsþjónustu. Sævar Freyr Þráinsson framkvæmdastjóri hjá Símanum segist afar ánægður með þennan samning. „Ég er afar sáttur með það traust sem Ísafjarðarbær sýnir okkur“, segir Sævar. „Við höfum átt í góðum tengslum við bæjarstjórnir á Vestfjörðum við uppbyggingu á traustum fjarskiptum á svæðinu og má þar nefna að

flest allir þéttbýliskjarnar svæðisins hafa aðgang að ADSL þjónustu Símans og var Bolungarvík til dæmis fyrsti staðurinn á landinu til að fá aðgang að sjónvarpsþjónustu yfir ADSL. Þá hefur GSM kerfið einnig verið í stöðugri þróun með það að markmiði að þetta dekkunina. Nýlega var settur upp sendir í Ísafjarðardjúpi og verið er að vinna að því að koma á GSM sambandi á Steingrímsfjarðaheidi í samvinnu við fjarskipta-

sjóð.“

Fram kemur í tilkynningu að það sé Símanum mikið fagnaðarefni að fá Ísafjarðarbæ í endurnýjuð viðskipti og „efla áfram það trausta samstarf sem Símann og Ísafjarðarbær hafa átt undanfarin ár“. Þá segir einnig að Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sé ánægður með samninginn en með honum sé lækkaður rekstrarkostnaður bæjarins til muna.

Fyrir rúmu ári síðan var það

kannað hvort hætta ætti viðskiptum við Símann. Þá komu forsvarsmenn OgVodafone til Ísafjarðar og áttu m.a. fund með Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, þar sem þeir kynntu starfsemi fyrirtækisins. Eins og kunnugt er lokaði Símann símaveri 118 í byrjun síðasta árs, og misstu fimm starfsmenn atvinnu sína við það. Þegar tilkynning um lokunina var kunngerð komu fram hugmyndir um að Ísafjarðarbær endurskoðaði við-

skipti sín við Símann og var sérstakur starfshópur skipaður til verksins.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins lögðu fulltrúar Vodafone ekki fram nein tilboð í símaþjónustu og engar ákvarðanir voru teknar á fundinum. Sagði bæjarstjóri þá að starfsmenn og viðskiptavinir Ísafjarðarbæjar myndu ekki finna neinn mun á þjónustunni, yrði sú ákvörðun tekin að flytja viðskiptin yfir til Vodafone. Ekki varð af flutningnum.

Sveitarfélög ekki þvinguð til sameiningar geti þau ekki myndað félagslega heild

Jóhann Ársælsson, þingmaður Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi, segir að ekki komi til að sveitarfélög verði lögbinguð til sameiningar ef sérstakar aðstæður hindri það, að mati félagsmálaráðuneytis, að þau geti myndað félagslega heild með nágrennasveitarfélögum sínum. Líkt og sagt hefur verið frá er til umræðu á alþingi frumvarp um að breyta lögum um lágmarksstærð sveitarfélaga, þannig að í stað þess að sveitarfélög geti verið 50 sálir skuli þær ekki færri en 1.000 talsins, og er Jóhann einn flutningsmanna frumvarpsins.

Hafa margir orðið til að spyrja sig hvernig frumvarpið komi til með að snerta við Strandamönnum, því þar má ímynda sér að erfitt gæti reynst að ná þúsund manna lágmarkinu, en Strandabyggð, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Bæjarhreppur telja einungis 758 íbúa. Í Reykhólahreppi búa 251 manns, og myndi sveitarfélagið rétt ná 1.000 manna markinu ef þeir væru taldir með, sem væri væntanlega erfitt sem stendur en mögulega auðveldara eftir tilkomu Tröllatunguvegar, sem samkvæmt áætlun á að vera tilbúinn fyrir lok árs 2008.

Jóhann hefur svarað þessum spurningum í aðsendri grein sem birtist á Strandavefnum. Þar bendir Jóhann á að undantekningu frá ákvæði um lágmarksstærð sveitarfélaga er að finna í núgildandi ákvæði, þar sem kveðið er á um að sveitarfélag skuli ekki telja færri en 50 sálir. Segir í ákvæðinu: „Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrennasveitarfélags.“

Ekki eru í frumvarpinu

lagðar til aðrar breytingar en þær sem snúa að fjölda íbúa, og munu þar af leiðandi sömu reglur og sjónarmið verða lögð til grundvallar og áður við ákvarðanir félagsmálaráðherra um lögbýlinga sameiningu. Segir Jóhann m.a. í grein sinni: „Ýmis dæmi eru um að sveitarfélög hafi verið innan 50 íbúa lágmarksins, jafnvel áratugum saman. Ég læt nægja að nefna Mjóafjörð sem vegna samgöngulegrar einangrunar féll auðvitað undir þetta ákvæði. Þessu ákvæði datt okkur aldrei í hug að hrófla við og teljum að því skuli beita þar sem við á.“

Tilgangurinn með laga-breytingunni er meðal annars sá að búa til sterkari sveitarfélög sem eigi auðveldara með að taka við verkefnum frá ríkisvaldinu. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að flutningsmenn telji þó að í raun sé 1.000 manns samfélag lítið og vanmegnugt til þess að tryggja íbúum þau búsetuskilyrði sem nauðsynleg eru til að treysta byggðina til framtíðar. Frumvarpið er ekki nýtt af nálinni, heldur var það fyrst lagt fram á 126. löggjafarþingi sem fram fór veturinn 2000-2001, en varð ekki útrætt. Frumvarpið hefur nokkrum

sinnum verið flutt síðan efnislega óbreytt.

Eina sveitarfélagið á Vestfjörðum sem telur yfir 1.000 manns er Ísafjarðarbær. Líklega myndu Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð neyðast til að sameinast, verði þessi lög að veruleika. Þá myndu Bolungarvík og Súðavík líkast til þurfa að sameinast hvort öðru eða bæði Ísafjarðarbær. Óvíst er síðan hvernig íbúar umræddra sveitarfélaga taka því að sameinast nágrennum sínum, en ljóst er að einhver sveitarfélaganna hafa fellt slíkar sameiningar í kosningum áður. – eirikur@bb.is



Hótel Ísafjörður.

Hótelum og gistiheimilum fækkar á Vestfjörðum

26 hótél og gistiheimili voru skráð á Vestfjörðum í fyrra, samkvæmt nýrri talningu Hagstofu Íslands, og fækkaði þeim frá 2005 til 2006. Alls eru hótél og gistiheimilin með 301 herbergi, þar sem finna má 809 rúm. Ef þróunin er skoðuð frá árinu 2000 hefur hótélum og gistiheimilum, herbergjum og rúmunum fjölgað ár frá ári, þar til í fyrra að þeim fækkaði eins og áður segir. Árið 2000 voru hótél og gistiheimili 20 talsins, en árið 2005 voru þau orðin 31. Herbergjafjöldi var 244 árið 2000, en 319 árið 2005. Rúmin voru 624 árið 2000 en 848 árið 2005. Þessi þróun á sér stað á landsvísi, þó fækkunin sé að vísu nokkuð minni hlutfallslega, en ef lítið er til fjölda herbergja fjölga þeim úr 6.045 í 8.005 frá 2000-2005, en fækkar svo í 7.991 árið 2006. Tölurnar hér að ofan koma frá Hagstofu Íslands og miðast við þá gististaði sem skilgreindir eru sem hótél eða gistiheimili samkvæmt henni, á árunum 2000-2006.

– eirikur@bb.is

Lagt til að byggingarnefnd Byggðasafns Vestfjarða verði lögð niður

Stjórn Byggðasafns Vestfjarða hefur samþykkt að leggja til við eigendur safnsins, þ.e. Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp, að byggingarnefnd Byggðasafnsins verði lögð niður og verkefni hennar færð undir stjórn Byggðasafnsins. Byggingarnefndin var skipuð vorið 2003, en þá var engin

stjórn starfandi fyrir Byggðasafnið og hafði ekki verið frá því að Ísafjarðarbær var mynduð með sameiningu sveitarfélaganna á svæðinu.

Vorið 2005 ákváðu Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur að skipa hvert um sig einn fulltrúa í nýja stjórn fyrir Byggðasafnið og hefur stjórn

verið starfandi síðan. Hins vegar hefur ekki verið boðað til fundar í byggingarnefndinni síðan 14. júní 2005, þó svo að formaður stjórnar Byggðasafnsins, sem jafnframt á sæti í byggingarnefndinni, hafi óskað eftir því í tölvupósti til annarra nefndarmanna.

Í bréfi sem stjórnin sendir

bæjaryfirvöldum segir m.a.: „Málefni nýbyggingarinnar, s.s. framkvæmdir og öflun fjármagns, hafa jafnan verið á dagskrá á fundum stjórnar Byggðasafnsins og stjórnarmenn eru því vel upplýstir um framgang þeirra mála. Í ljósi þess telur stjórnin sig fullfæra um að sinna þeim verkefnum sem byggingarnefndin

hefur á sinni könnu og leggur áherslu á mikilvægi þess að halda vel utan um málið til að lokið verði við bygginguna svo fljótt sem auðið er. Ljóst er að í óefni stefnir ef ekki tekst að ljúka verkinu innan fárra ára, því gríðarleg aukning gesta á safnið í tengslum við skemmtiferðaskipin er nú þegar farin að skapa vandræði

þar sem varla er aðstaða í Turnhúsinu til að taka á móti öllum þessum fjölda. Þetta mun hins vegar breytast til hins betra þegar hægt verður að taka á móti gestum í nýbyggingunni enda munu gestir þá dreifast betur um safnasvæðið í stað þess að þunginn sé allur á einum stað.“

– eirikur@bb.is



Geymsluhúsnæði Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað.

Samþykkt að styrkja miðstöð fólks sem býr við skert lífsgæði

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að veita miðstöð fyrir fólk er býr við skert lífsgæði styrk upp á 50 þúsund krónur á mánuði á tímabilinu 15. janúar – 31. desember, líkt og sótt var um. Bæjarráð hafði lagt til að styrkurinn yrði 40 þúsund krónur á tímabil-

inu. Styrkinn á að nýta til niðurgreiðslu á húsaleigu. Í bréfi sem Harpa Guðmundsdóttir skrifaði bæjaryfirvöldum fyrir hönd verkefnisstjórnar segir:

„Í desember á síðasta ári var sótt um styrk í formi húsnæðisframlags eða niðurgreiðslu húsaleigu fyrir mið-

stöð fólks sem býr við skert lífsgæði. Í framhaldi af því voru skoðuð tvö húsnæði sem Ísafjarðarbær bauð fram. Það voru Sundstræti 14 sem er húsnæði á annarri hæð og hentar ekki vegna slæms aðgengis og Silfurgata 5 sem er lélegt húsnæði og þyrfti að

eyða miklum fjármunum í að gera nothæft. Því er óskað eftir fjárframlagi til niðurgreiðslu húsaleigu frá 15. janúar til 31. desember á þessu ári. Í upphaflegu umsókninni var óskað eftir 50 þús. króna framlagi á mánuði og er það enn sú upphæð sem óskað er eftir.“

„Hægt að tala allt í gröfina“

Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík, segist algjörlega ósammála sýn Kristins H. Gunnarssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, á framtíð Vestfjarða, og vísar þar til nýlegra orða Kristins um að í hrun stefni ef fólksfækkun og efnahagssamdráttur héldi áfram á Vestfjörðum.

Þetta kemur fram á blogg-síðu bæjarstjórnar, en þar segir m.a.: „[Kristinn] dregur upp þá mynd í grein að hrun blasi við ekkert verði að gert. Þetta þykja mér kaldar kveðjur til þeirra sem hér kjósa að búa. Það er auðvitað rétt hjá Kristni að ýmislegt þurfi að gera og mikið af því megi herma upp á ríkisstjórnina. Hins vegar er svæðinu engin greiði gerður með því að leggja það í sjúkrarúm og tala um það eins og um karllægt gamalmenni væri að ræða. Vel má vera að atvinnulíf sé full einhæft og hagsstjórn stjórnvalda hvetji ekki menn ekki til dáða – en því má breyta. Þetta snýst um grundvallaratriðin í hagsfræðinni: Þegar þensla er þá dregur hið opinbera úr framkvæmdum – þegar samdráttur er þá eykur hið opinbera framkvæmdir. Við skulum hjálpa stjórnvöldum að gera þetta.“

Segir Grímur að það sem



Grímur Atlason.

skipti máli sé sjálfsvirðing og metnaður íbúa svæðisins. „Það má vel vera að á Vestfjörðum finnst fólk sem vildi helst geta selt húsin sín og flytjast suður en þorri fólks kys að vera hérna af fúsum og frjálsum vilja. Það eru ekki frábærar samgöngur eða válynd veður sem hafa haldið fólki hér til þessa dags. Það er hægt að tala allt í gröfina. Það er lögmál að fólk hefur ekki áhuga á því sem fyrirfram er búið að dæma úr leik. Vestfirðir hafa upp á ýmislegt annað að bjóða sem þykir eftirsóknarvert – og það er það sem við eigum að sýna fólki. Fjölskylduvænt umhverfi þar sem öll þjónusta er til staðar er það sem nútímamaðurinn leitast í.

– eirikur@bb.is

**Starfsnám
byggt á áratuga reynslu**

**Vinnuvélanámskeið
Iðntæknistofnunar**

**Verður haldið
á Ísafirði
14. - 22. febrúar**

Réttindi á allar vinnuvélar

Nánari upplýsingar og skráning
hjá **Iðntæknistofnun**
í síma **570 7100, 897 0601**
og á vefsíðu **www.iti.is**

**NÁM
SKEIÐ**

Iðntæknistofnun

**Töfrandi
tilboð:**

**GERÐU
DUNDUR
GÓÐ
KAUP!**

brabantia
- Mikil úrval
20% afsláttur

AEG
AEG ryksuga
Tilboðsverð: 9.990 kr.

TEFAL
Stráurím
20% afsláttur

TEFAL
Privéle pottar og pönnur
30% afsláttur

Solis
Hollustan beint í að!
Solis safapressa Kr. 14.900

AEG
AEG þvottavél Lavamat 54810
6 kg. 1400 sn.
Tilboðsverð: 69.900 kr.

AEG
PAKKINN Í ELDHÚSIÐ

AEG Veggófn B 3051-M Kr. 77.789
AEG Helluborð 66030-M Kr. 73.579

TILBOÐSVERÐ NÚ: Kr. 111.368
Þú sparar: Kr. 40.000

PLÚS:
Údráttarbraut að verðmæti kr. 18.841 fylgir frítt með
20% afsláttur af öllum eldhúsvörum ef keypt er AEG
ófn og helluborð.

PRISTUR ORMSSON

PRISTUR // HAFNARSTRÆTI 12 // ÍSAFIRÐI // SÍMI 456 4751

120 **E-TRADE**

„Auðveldara en ég hélt“

Einstaklingum býst möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri með því að taka þátt í E-TRADE í gegnum Landsbankinn. Á E-TRADE er hægt að kaupa og selja hlutabréf í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bandaríkjunum. E-TRADE er einfalt í notkun og allt viðmót er á íslensku.

NÁMSKEIÐ Á ÍSAFIRÐI 14. FEBRÚAR

E-TRADE námskeið verður haldið í útibúi Landsbankans á Ísafirði miðvikudaginn 14. febrúar kl. 17:30. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu aðgerðir á E-TRADE vefnum og sérfræðingur frá Greiningardeild bankans fer yfir hlutabréfamarkaði á Norðurlöndum.

Skráning á námskeiðið er í útibúi Landsbankans á Ísafirði.

Allar nánari upplýsingar um E-TRADE er að finna á www.landsbanki.is

Kaupir eingöngu í skráðum félögum bæði Bandaríkjunum og á Norðurlöndum

Vnit af því að á E-TRADE eru í boði verðföstan

Hefur mikinn áhuga félögum tengdum hlöðum

Landsbankinn

Banki allra landanna í 120 ár

Atlantsólía hefur enn áhuga á að reisa bensínstöð á Ísafirði

Atlantsólía hefur enn áhuga á að reisa bensínstöð á lóð þeirri er þeim var úthlutað á Skeiði fyrir rúmum tveimur árum, að sögn Alberts Más Magnússonar, framkvæmdastjóra Atlantsólíu. Mikið kapphlaup var á milli olíufélaganna Atlantsólíu og Orkunnar um leyfi til byggingar bensínstöðvar á Skeiði sumarið 2004. Miklar deilur spruttu um fyrirhugaða úthlutun og höfðu forráðamenn Atlantsólíu m.a. uppi stór orð í garð bæjaryfirvalda á Ísafirði þegar stefnt var að útboði á lóðum undir bensínstöðvar. Sökuðu forráðamenn Atlantsólíu bæjaryfirvöld um að reyna að koma í veg fyrir samkeppni á bensínmarkaði. Segir Albert þau vandamál sem komu upp hafa gert það að verkum að menn fóru að horfa annað. „Það tók lengri tíma en gert var ráð fyrir í fyrstu að fá úthlutað lóð, og þurftum við því að endurskoða útpensluáætlun fyrirtækisins.“

Atlantsólía sneri sér að uppbyggingu á Akureyri á undan Ísafirði og stendur til að opna stöðvar á Selfossi og Borgarnesi á næstunni, og svo jafnvel Ísafirði. Fyrirtækið hefur fest kaup

á bíl til að dreifa eldsneyti um landið, og mun hann að sögn Alberts gera fyrirtækinu auðveldara að reka bensínstöðvar á landsbyggðinni. Margoft hefur staðið til að Atlantsólía réðist í framkvæmdir á Ísafirði á síðustu árum, en ekki hefur orðið af neinu enn. Albert fer varlega í að áætla nokkuð um hvenær standi til að byggja stöð í bænum, en segir að vonandi verði eitthvað gert á þessu ári. Orkan opnaði sjálfsafgreiðslustöð á Skeiði skömmu fyrir júl 2005.

Þegar Atlantsólía sótti um lóð þá sem fyrirtækið fékk úthlutað á Skeiði á Ísafirði fyrir rúmum tveimur árum var erindið afgreitt frá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, en ekki frá umhverfisnefnd, eins og venjan er. Þegar umhverfisnefnd afgreiðir lóðaúthlutanir er jafnan settur sá fyrirvari að framkvæmdir verði að hafa hafist innan árs, ella falli úthlutunin úr gildi. Við afgreiðslu bæjarstjórnar á þessari tilteknu úthlutun var hins vegar ekki kveðið á um að framkvæmdir hefust innan ákveðins tíma, heldur einungis að skilað yrði inn teikningum og sótt um

byggingarleyfi innan árs. Þetta gerði Atlantsólía og hefur því uppfyllt öll skilyrði úthlutunarinnar. Aðspurður um hvort að úthlutunin sé þá algerlega til óákveðinnar framtíðar, segir Jóhann Birkir Helgason, bæjartæknifræðingur, svo í raun vera og erfitt sé að draga í land með úthlutunina þar sem öll skilyrði hafi verið uppfyllt.

„Þeir hafa verið beðnir um að skila lóðinni“, segir Jóhann. „En þeir hafa enn áhuga á að byggja þarna bensínstöð.“ Að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, hafa aðrir aðilar lýst yfir áhuga á lóðinni, en ekki verður gefið upp hvaða aðilar það eru.

Atlantsólía hefur lengi haft áform uppi um að reisa bensínstöð á Skeiði, og var haft eftir framkvæmdastjóra fyrirtækisins fyrr í dag að ástæðan fyrir því að það hefur dregist væri sú að afgreiðsla bæjarins hafi tekið of langan tíma á sínum tíma, og þegar lóðinni var loks úthlutað hafi fyrirtækið verið búið að snúa sér annað. – eirikur@bb.is

Gott atvinnuástand þrátt fyrir gjaldþrot Ágúst og Flosa ehf.

Fæstir eru á atvinnuleysis-skrá á Vestfjörðum á landinu. Almenn er atvinnuástand gott í fjórðungnum þrátt fyrir að allstórt gjaldþrot hafi nýlega átt sér stað hjá Ágúst og Flosa ehf á Ísafirði þar sem um 30 manns unnu. Mikil eftirspurn hefur verið eftir iðnaðarmönnum og hefur starfsmönnum sem þar unnu gengið vel að fá störf annars staðar. Í dag eru 28 manns á atvinnuleysis-skrá á Vestfjörðum, 5 karlmenn og 23 konur.

Átta einstaklingar eru án atvinnu á Bíldudal en vonir standa til að það atvinnuleysi minnki verulega er fiskvinnsla

hefst þar að nýju. Í upphafi janúarmánaðar var fjöldi fólks á atvinnuleysis-skrá á Vestfjörðum í sögulegu lágmarki, en þá voru 24 einstaklingar skráðir án atvinnu. Frá þessu er greint á vef Svæðisvinnu-miðlunar Vestfjarða.

Atvinnuleysi á landinu í heild jókst um 0,1% á milli nóvember og desember, en atvinnuleysi mældist 1,2% í lok sl. árs. Í lok árs 2005 var atvinnuleysi nokkuð hærra, eða 1,5%. Reikna má með að atvinnuleysi aukist lítið eitt í janúar í takt við hefðbundinn árstíðabundinn samdrátt í efnahagslífinu yfir háveturinn.

Sæfari hyggst selja eignir sínar

Siglingaklúbburinn Sæfari hyggst selja allar eignir sínar í Suðurtanga á Ísafirði. Stærstu eignir Sæfara þar eru þrjár íbúðir, tvö iðnaðarhúsnæði, einn bílskúr, sjóvarnargarður og dráttarbraut fyrir báta allt að 30 tonnum. Að sögn aðstandenda félagsins er tilgangur sölunnar sá að losa um fjármagn. „Það sem vakti fyrir Sæfara á sínum tíma var að koma upp aðstöðu fyrir starfsemi félagsins“, segir Örn Torfason, formaður Sæfara. „Hlutir hafa ekki gengið eins og við ætluðum, og nú er komin tími til að selja þetta.“

Segir Örn að framtíð Sæfara sé óráðin. Félagið hefur fengið tvö kauptilboð í dráttarbrautina, eitt frá Ísafirði og annað að norðan. „Svo væntum við

fleiri tilboða frá mönnum hér fyrir vestan.“ Þá mun Byggðasafn Vestfjarða einnig hafa lýst yfir áhuga á að kaupa dráttarbrautina. Hvort að starfsemi Sæfara heldur áfram í sömu mynd í framtíðinni ræðst af sölu eigna.

Siglingaklúbburinn Sæfari hefur verið starfræktur í á annan áratug og innan hans starfa íþróttamenn á landsmælikvarða. 200 meðlimir eru í félaginu og 150 iðkendur. Sæfari hefur verið með öflugt unglingsstarf yfir sumarmánuðina og unnið í miklu samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki á landinu, og hafa menn komið víða að, bæði innanlands og utan, til að sækja námskeið hjá klúbbum.

– eirikur@bb.is



Höfuðstöðvar verktakafyrirtækisins Ágúst og Flosa ehf., sem varð gjaldþrota fyrir stuttu.

Styrkir til fyrirtækja og frumkvöðla

Impra nýsköpunarmiðstöð auglýsir eftir umsóknum um styrki til umbóta og nýsköpunar frá frumkvöðlum og fyrirtækjum á landsbyggðinni.

- 1. Frumkvöðlastuðningur**
Styrkir til frumkvöðla vegna undirbúnings viðskiptahugmynda.
- 2. Þróun í starfandi fyrirtækjum**
Styrkir til að þróa hugmynd í markaðshæfa vöru eða þjónustu.
- 3. Styrkir til kaupa á ráðgjöf í starfandi fyrirtækjum**
Styrkir til kaupa á ráðgjöf til umbóta eða nýjunga í rekstri.

Umsóknir eru afgreiddar mánaðarlega og er umsóknarfrestur er til 15. þessa mánaðar.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru að finna á www.impra.is og hjá starfsmönnum Impru nýsköpunarmiðstöðvar í síma 460 7970.


Impra nýsköpunarmiðstöð
iðntæknistofnun
Borgum við Norðurlóð
600 Akureyri
Sími 460 7972
www.impra.is
sigurdurs@iti.is



Finnbogi næsti formaður Verk-Vest?

Finnbogi Sveinbjörnsson verður formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga ef tillögur kjörnefndar félagsins verða að veruleika við stjórnarkjör. Trúnaðarmannaráð Verk-Vest samþykkti á laugardag tillögur kjörnefndar félagsins um stjórn, trúnaðarmannaráð, stjórn sjúkrasjóðs, orlofsnefnd og skoðunarmenn ársreikninga til næstu tveggja ára. Aðrir á lista kjörnefndar eru Ólafur Baldursson sem varaformaður, Erna Sigurðardóttir sem ritari og Karitas Pálsdóttir sem gjaldkeri. Samkvæmt lögum félagsins er tveggja vikna frestur til móttframbóðs.

Ritstjórnargrein

Þjóðarkakan

Skipting þjóðarkökunnar milli ríkis og sveitarfélaga hefur löngum verið þrætuepli; átök þar sem sveitarfélögin hafa alla jafnan farið hálloka, borið skarðan hlut frá borði. Þykir mörgum sem stóri bróðir, ríkið, hafi um of tekið sumar hús-freyjur fyrri alda, sem naumt þóttu skammta í aska hjúa sinna, til fyrirmyndar. Slíkt hefur sjaldan þótt gott til afspurnar og ranglátt gagnvart þeim er guldu.

Á undanföllum árum hefur sitthvað verið gert til að auka umfang sveitarfélaganna. Má þar til nefna yfirtöku þeirra á rekstri Grunnskólans. Gott mál, sem því miður var ekki nægilega vel að staðið. Meðgjöfin með Grunnskólanum var ekki næg. Útreikningar á kostnaði við yfirtökuna reyndust ekki réttir. Allar ábendingar um nauðsyn leiðréttinga og réttmæti í þeim efnunum hafa verið hundsáðar. Og þar við situr. Vegna þessa eru mörg sveitarfélög margfalt verr á vegi stöðd fjárhagslega en ella hefði verið. Til viðbótar hafa breytingar á skattalögum gert sveitarfélögum róðurinn enn erfiðari. Þannig hefur skattaumhverfi hálfis þriðja tugs þúsunda einkahlutafélaga stórlega rýrt tekjur sveitarfélaganna. Hið sama gildir um sívaxandi fjölda skattgreiðenda sem greiðir engan tekjuskatt, einungis fjármagnstekjuskatt. Af þessum skattgreiðendum fá sveitarfélögin ekki neitt í sinn hlut. Ríkið hirðir hverja krónu.

Samband íslenskra sveitarfélaga samþykkti á þingi sínu á síðastliðnu hausti að krefjast þess að sveitarfélögin fengu hlutdeild í tekjuskatti einkahlutafélaga og fjármagnstekjum. Með öðrum orðum: Ríkið hirti ekki allar tekjurnar en sveitarfélögin sætu uppi með þjónustuna. Svo augljóst sem þetta er ætti úrlausn málsins ekki að vera flókin. Hingað til hefur krafan um úrlausn þó ekki náð eyrum valdhafa. Nú, hart nær hálfu ári frá þingi Sambandsins þegar Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, tók við formennsku, hillir undir viðræðum milli þess og ríkisvaldsins. Á formanninum er það að heyrna að hann sé vongóður um að stjórnvöld komi til móts við kröfur sveitarfélaganna um breytta og réttlátari skiptingu þjóðarkökunnar en verið hefur til þessa.

Vonandi er mat formannsins ekki óskhyggjan ein. Vonandi opnast augu stjórnvalda fyrir því að það gengur ekki endalastað að guma af eigin ágæti yfir sívaxandi tekjum og segja sveitarfélögum bara að herða sultarólina til að mæta skerðingunni sem þau verða fyrir. Íbúar sveitarfélaganna eru sama fólk og fólk sem ríkisvaldið telur sig vera að gæta hagsmunna fyrir. Velferð þessa fólks er hin sama hvort sem hennar er gætt af ríkisins hálfu eða sveitarfélaganna.

Þjóðarkakan er bara ein líkt og þjóðin sem deilir henni. Þess vegna getur ríkið ekki setið að kökunni á meðan sveitarfélögin verða að láta sér nægja að hirða molana sem kunna að falla af borðinu.

s.h.

Á þessum degi fyrir 21 ári

Hafrannsókn til Ísafjarðar

Sighvatur Björgvinsson lagði nú nýverið fram frumvarp til laga, sem gerir ráð fyrir flutningi aðalstöðva Hafrannsóknastofnunar til Ísafjarðar. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. „Megintilgangur þessa frumvarps er einfaldur og ljós. Hann er sá að aðalskrifstofum og stjórnsýslustöð Hafrannsóknastofnunar verðir valinn staður á Ísafirði en útibú frá stofnuninni verði starfrækt frá Reykjavík og einnig á öðrum stöðum eftir því sem stjórn stofnunarinnar telur rétt vera. Margt mælir með því að Ísafjörður verði valinn sem aðalstarfs- vettvangur fyrir þessa stofnun. Þar er sjávarútvegur aðal- vinnuvegur og menn hafa þar langa reynslu af sambýlinu við hafið og nýtingu auðlinda þess. Í næsta nágrenni eru einhver gjöfulustu fiskimið landsins og við Djúp eru einhverjar full- komnustu fiskverkunarstöðvar í eigu Íslendinga. Ýmis vísinda- leg starfsemi hefur risið upp í tengslum við þessar stöðvar og sjósókn og fiskvinnslu Djúpverja: rannsóknir á sjávardýrum og sjávarlífi, rannsóknir og tilraunir með veiðarfæri og rann- sóknir og framleiðsla á tölvubúnaði til nota við fiskvinnslu og fiskveiðar.

Ísafjarðarbær í Landssamtök landeigenda

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að gerast stofnandi í Landssamtökum landeigenda á Íslandi. Hefur Guðnýju Sverrisdóttur, bæjarstjóra Grenivíkurhrepps, veitt umboð til að skrá sveitarfélagið í samtökin. Stofnfundur samtakanna var 25. janúar síðastliðinn en þar var samþykkt ályktun þess efnis að þjóðlendulögum verði breytt strax á þá leið að jörð með athugasemdalausum þinglýstu landamerkjabréfi verði eignarland. Auk þess að afreittir verði ekki gerðar að þjóðlendum. Þátttaka Ísafjarðar- bæjar var samþykkt með öllum atkvæðum meirihluta, gegn atkvæðum minnihluta.

Trjágróður ekki í hættu út af óvenju hlýju tíðarfari

Ekki er hætt á að óvenju- hlýtt tíðarfarið að undanförmunni hafa skaðleg áhrif á trjágróður að sögn Kristján Jónsson hjá Skjólaskógum Vestfjarða. „Hlakan ætti nú ekki að hafa mikil áhrif á gróðurinn en það er hins vegar spurning

ef það heldur áfram að hlýna um leið og daginn fer að lengja. Ef hitinn fer upp í 10 gráður í einhvernum tímann gætu ein- hverjar suðrænni tegundir far- ið af stað, en þær norrænu eins og íslenska birkið láta ekkert plata sig, þær plöntur

eru birtustýrðar og fara ekkert af stað fyrir en sólin fer að skína á ný“ Þá er í nógu að snúast hjá Skjólaskógum við að undirbúa sumarið.

„Við erum að pæla og skipuleggja og fá upplýsingar hjá bændum um hvað þeir ætli

að láta niður næsta sumar. Þetta er allt í eðlilegum farvegi hjá okkur og í góðum gir þótt maður vilji nú alltaf fá meira fé frá ríkinu til að halda starf- seminni í góðum málum“, segir Kristján Jónsson hjá Skjólaskógum.



Byggðasafnið í Neðstakaupstað.

Ríflega sjö þúsund manns heimsóttu Byggðasafnið á Ísafirði á liðnu ári

Alls voru gestir Byggðasafns Vestfjarða í fyrra 7003 talsins, en safnið opnaði fyrir almenning þann 1. júní og var opið fram til 15 september. Langstærstur hluti gesta voru ferðamenn, eða 5680 manns, og af ferðamönnum voru far- þegar skemmtiferðaskipa lang

fyrirferðarmestur, en þeir töldu 3.391 og voru því nær helmingur gesta ársins. 22 skemmtiferðaskip komu til Ísafjarðar síðastliðnið sumar, og voru 16 þeirra með skipu- lagðar rútuferðir þar sem Byggðasafnið var einn við- komustaða.

Þá var slegið dagsmet í fjölda ferðamanna þegar stær- sta skemmtiferðaskip sumars- ins, Sea Princess, kom í sept- ember. Þann dag heimsóttu ríflega 600 manns safnið. Aðrir erlendir gestir voru 2.289. Fullorðnir Íslendingar voru 929 talsins og börn voru 394.

Segir Jón Sigurpálsson, for- stöðumaður Byggðasafnsins, að ljóst sé á þessum tölum að erlendir gestir, og þá sérilagi farþegar skemmtiferðaskipa, séu safninu mikilvægir og huga verði sérstaklega að því í framtíðinni, ekki síst í ljósi þess að þeir aukast ár frá ári.

Reisa minningarskjöld um Gísla

Minningarferð um Gísla Hjartarson er fyrirhuguð hjá Ferðafélagi Íslands í lok júlí, verður hún farin í samstarfi við Ferðafélag Akureyrar og er fararstjóri í henni Jakob Káráson en honum til full- tingis verður Ólafur Halldórson. Farið verður um Látravík, Bolungarvík og Reykjafjörð á Ströndum. Gíslu átti langan feril sem fararstjóri á Horn- ströndum, hafði mikla þekk-

ingu á svæðinu og skrifaði um það margar fræðandi greinar. Í ferðinni verður reist- ur sérstakur minningarskjöld- ur um Gísla, sem fyrst var ætlað að reisa á svonefndri Þrengslaleið, en Gíslu átti stór- an þátt í því að gera hana að vinsælli leið milli Sópanda í Lónafirði og Barðsvíkur. Jak- ob segir óvíst á þessum tíma- punkti hvar hann mun á end- anum rísa, en hann mun verða

látlaus og ekki trufla augað í óspilltu umhverfinu.

Hugmyndin á bak við ferð- ina, má rekja til gönguhóps sem farið hefur á Hornstrandir allt frá 1980, en árið 2004 var Jakob að skoða myndir þar sem meðal annars var mynd af hópnum frá 1980, honum fannst ráð að húa fólk að aftur saman og efna til ferðar um svæðið. Göngugarparnir voru til og fóru í ferð um svæðið

sumarið á eftir. Þar var Gíslu sem talaði um að árið 2007 myndi hann fara í afmælisferð um svæðið þar sem hann fagnaði „100 ára“ afmæli, en hann hefði orðið sextugur og myndi vera að fagna 40 ára leiðsögumannsafmæli. Í jan- úar 2006 hittist gönguhópur- inn á myndakvöldi og þar var ákveðið að halda ferðinni til streitu og breyta henni í minn- ingarferð. – annska@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 eirikur@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, annska@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulíf- eyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Klofningur fær styttra leyfi en Funi

Starfsleyfi fyrir sorpbrennsluna Funa í Englad er loks væntanlegt en leyfið, og þar með leyfi til urðunar sorps að Klofningi við Flateyri, rann út í júl á síðasta ári. Þór Tómasson hjá Umhverfisstofnun sagði í samtali við svæðisútvarpið á dögunum að einungis ætti eftir að undirrita leyfið hjá stofnuninni og senda vestur. Leyfið verður nú tvískipt, sorpbrennslan fær sérleyfi en urðunarstaðurinn í Klofningi í Öndarfirði fær styttra leyfi. Í nóvember fengust þau svör hjá umhverfisstofnun að nýtt starfsleyfi væri væntanlegt um leið og búið væri að fara yfir þær athugasemdir sem bárust vegna starfseminnar. Funi er ekki lengur fullkomnasta brennslustöð landsins þar sem sorpbrennslurnar í Reykjanesbæ og á Húsavík eru fullkomnari. Á ruv.is er haft eftir Þór að í fyrra hafi verið tekinn í notkun viðbótarsvæðisbúnaður í Funa, sem er umfram kröfur, en byrjunarörðugleikar hafi komið upp sem lýsi sér í auknum reykt á stundum.



Rokkhátíð alþýðunnar og Byggðasafn Vestfjarða fá styrk frá Baugi Group

Styrktarsjóður Baugs Group hefur úthlutað tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður og Byggðasafni Vestfjarða styrki. Rokkhátíð alþýðunnar fékk hálfa milljón en eins og greint hefur verið frá verður tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður haldin fjórða sinn á Ísafirði 7. apríl. Hátíðin er sem kunnugt er runnin undan rifjum þeirra

feðga Guðmundar Kristjánssonar, eða Mugga hafnarstjóra, og Arnar Elfasar Guðmundssonar sem betur er þekktur sem Mugison. Markmiðið var að skapa vettvang þar sem heimamenn stæðu jafnfætis landsþekktum tónlistarmönnum í einni heljarinnar skemmtun. Eins og alþjóð veit tókst aðstandendum

ætlunarverkið og er Aldrei fór ég suður einn af hápunktum ársins á Ísafirði.

Þá fær Byggðasafn Vestfjarða tvær milljónir vegna fornleifauppgrofts á Eyrartúni á Ísafirði. Í könnunargrefti á Eyrartúni fyrir rúmum tveimur árum fundust ýmsir munir sem taldir eru vera frá 19. öld. Má þar nefna sem dæmi

flöskubrot og öngla, hnappa, brot úr leirpípum og keramik. Afar lítið er vitað um upphaf byggðar í Skutulsfirði. Ýmsir telja að Eyri hafi verið landnámsjörð en fyrir því er engin víska þótt almennar líkur séu nokkrar.

Eyrarbærinn stóð á bæjarhólnum nokkru norðan við þann stað þar sem minnismerki Ragnars Kjartanssonar, myndhöggvara, um drukknadaða sjómenn stendur nú. Bærinn hefur trúlega verið margbyggður á sama stað í aldanna

rás eins og venja var. Hann var rifinn ekki allmörgum árum eftir að Ísafjarðarkirkja, sem brann árið 1987, var fullgerð árið 1863. Tóftir bæjarins munu hafa verið jafnaðar út á dögum viðreisnarstjórnarinnar á sjöunda áratug nýliðinnar aldar.

Baugur Group varði 300 milljónum króna til stofnunar sérstaks styrktarsjóðs, sem ætlað er það hlutverk að styðja aðra sjómenn stendur nú. Bærinn hefur trúlega verið margbyggður á sama stað í aldanna

að styðja við bakið á menningar- og listalífi, auk þess að hlúa að mannréttinda- og líknarmálum. Það verður meðal annars gert með framlögum til stofnana, samtaka og félaga á Íslandi, sem hafa framan-greind málefni sem aðaltilgang sinn.

Formaður stjórnar sjóðsins er Jóhannes Jónsson, en aðrir stjórnarmenn eru Hreinn Loftsson og Ingibjörg S. Pálma-dóttir.

– thelma@bb.is



Aldrei fór ég suður er einn af helstu viðburðum ársins á Ísafirði.

Protabúi Torfness ehf. gert að greiða fyrrum starfsmanni laun

Dómur hefur verið kveðinn upp í héraðsdómi Vestfjarða yfir protabúi Torfness ehf. og því gert að greiða fyrrum starfsmanni fyrirtækisins ógreidd laun. Torfness ehf. sem gerði út Hauk ÍS-847 var tekið til gjaldþrotaskipta 3. mars 2006. Stefnandi réð sig ótímabundið til starfa sem háseti á bv. Hauk ÍS-847 hinn 25. september 2004 þar sem hann starfaði til 12. janúar 2005 með frítúrum.

Stefnandi hefur skýrt og sundurliðað kröfur sínar svo að hann hafi starfað á skipinu Hauki ÍS-847 þetta tímabil og hafi laun stefnanda því numið 125.782 krónum og 657.186 krónum, eða samtals 782.968 krónum. Til frádráttar þeirri fjárhæð komi 484.780 krónur sem stefnandi hafi fengið greiddar í peningum, 107.750 krónur vegna fæðiskostnaðar, 2.600 krónur vegna leigu myndbanda, 5.807 krónur vegna tóbaks og fatnaðar, 5.883 krónur vegna hlutdeild-

ar í tryggingu og 27.856 vegna 4% lífeyrisiðgjalds, eða samtals 634.676 krónur. Krafa stefnanda nemi því mismuninum sem er 148.292 krónur.

Stefnda hefur ekki véfengt að nefnd gögn eigi við um launakjör stefnanda. Samkvæmt öllu þessu, og eins og málið liggur fyrir dómnum,

var því fallist á kröfur stefnanda. Stefnandi, protabúi Torfness ehf., var gert að greiða stefnanda 148.292 krónur, auk dráttarvaxta og 70.000 krónur í málskostnað.

Dóminn kvað upp Kristinn Halldórsson, settur héraðsdómari.

– annska@bb.is

Aðalfundur

Aðalfundur Sjálfstæðisfélags Ísafjarðar fyrir starfsárið 2006 verður haldinn miðvikudaginn 21. febrúar 2007 kl. 20:30 í Sjálfstæðishúsinu, Hafnarstræti 12 (2. hæð).

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning fulltrúa á landsþing.
3. Kosning fulltrúa á aðalfund kjördæmisráðs.
4. Önnur mál.

Stjórnin.



Lögreglan á Vestfjörðum

Borgarafundir um málefni löggæslunnar

- Hvernig vilt þú sjá löggæslunni sinnt í þínu umhverfi?
- Hvaða áherslur vilt þú sjá í löggæslu?
- Hvernig geta íbúarnir stuðlað að öruggara umhverfi?
- Hvernig geta samskipti lögreglu og íbúa skipt máli?

Þessum spurningum og mörgum öðrum viljum við leitast við að svara á almennum borgarafundum sem haldnir verða í 12 þéttbýliskjörnum umdæmisins. Á fundunum verður hið nýja embætti Lögreglunnar á Vestfjörðum kynnt en megin áhersla fundanna snýst um að kalla eftir hugmyndum íbúanna um hvaða áherslur þeir vilja sjá í löggæslunni. Fundirnir verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

Dagur:	Staður:	Staðsetning:	Kl.
12. febrúar	Reykholar	Grunnskólinn	20:00
13. febrúar	Patreksfjörður	Félagsheimilið	20:00
14. febrúar	Tálknafjörður	Veitingah. Hópið	20:00
15. febrúar	Bíldudalur	Baldurshagi	20:00
19. febrúar	Drangsnes	Félagsheimilið	20:00
20. febrúar	Hólmavík	Félagsheimilið	20:00
21. febrúar	Súðavík	Grunnskólinn	20:00
26. febrúar	Þingeyri	Félagsheimilið	20:00
27. febrúar	Flateyri	Félagsheimilið	20:00
28. febrúar	Suðureyri	Félagsheimilið	20:00
1. mars	Ísafjörður	Stjórnsýsluh. 4. h.	20:00
5. mars	Bolungarvík	Félagsheimilið	20:00

Við hvetjum alla til að mæta og tjá skoðun sína á löggæslumálum og leggja þannig lóð sitt á vogarskálarnar til stefnumótunar bættar og skilvirkari löggæslu.

Lögreglustjórnin á Vestfjörðum.

Mikil aðsókn í ungbarnasund

Mikil aðsókn er á námskeið í ungbarnasundi sem fram fer í sunnlaug Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafirði. Yfirfullt er á námskeið sem hófst um miðjan janúar og komust færri að en vildu. Af þeim sökum var ákveðið að halda annað námskeið fyrir byrjendahóp sem verður hleypt af stokkunum innan tíðar. Að sögn Guðnýjar Stefaniú Stefánsdóttur, íþróttafræðings, sem hefur staðið fyrir námskeiðunum hefja börnin yfirleitt sundiðkunina upp úr þriggja mánaða aldri og hafi hún talsverð áhrif á hreysti barnanna, sem eykst til muna. Einnig aukast félagsleg tengsl milli foreldra og barna. Eitt það ánægjulegasta segir Guðný þó vera þá staðreynd að foreldrar haldi oft áfram að vera dugleg að fara í sund með börn sín eftir að námskeiði lýkur. Námskeiðið stendur yfir í 5 vikur og fer kennsla fram tvisvar í viku.



Opnunarávarp Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra á Hornstrandaráðstefnunni í Hömrum á Ísafirði

Hvetur fólk til að vinna að uppbyggingu Hornstrandafriðlandsins

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra sagði í opnunarávarpi Hornstrandaráðstefnunnar sem fram fór á Ísafirði fyrir stuttu að henni finndist Vestfirðingar hafa verið framsýnir þegar þeir samþykktu tillögu Náttúruverndarráðs árið 1975 að friðlýsa Hornstrandir. Sagði hún enn fremur að svæðið nyti sífellt meiri vinsælda meðal íslenskra og erlendra ferðamanna sem göngu- og útivistarland, þrátt fyrir „erfiðleikana“ við að komast þangað. Sérstaka svæðisins byggðist meðal annars á því að hvorki búseta né búfjárbætur hefur verið á svæðinu í rúmlega hálf öld. Gróðurfar væri þess vegna óvenju gróskumikið.

Jónína sagði að með friðlýsingunni hefði verið tekin ákvörðun um að nýta landið til náttúruverndar, útivistar og annarrar ferðamennsku og segir hún því að skipulagning svæðisins hljóti að taka fyrst og fremst mið að því. Hún segir það hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir því að landið sé í einkaeigu og þess vegna sé nauðsynlegt að við skipulagningu þess, verði tekið á því hvernig samarhúsabyggingin geti þróast og að skilgreina þurfi verndarmarkmið svæðisins í heild, og



Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra á Hornstrandaráðstefnunni.

deilimarkmið eftir svæðum, til þess að varðveita það sem sérstætt er í náttúru svæðisins og til að jafna út áhrif ferðamennsku.

Stækkun friðlandsins hefur oft borið á góma á undanförmum misserum og segir Jónína það alls ekki vera útilokað að

svo geti orðið og ekkert því til fyrirstöðu af hálfu umhverfisráðuneytis að auglýsa stækkun friðlandsins svo fremi að samkomulag um stækkunina verði á milli sveitarfélaga, landeigenda og annarra sem hagsmuna eiga að gæta. Jónína gerði að umtalsefni

sínu bæði landvörslu á Hornströndum sem og hugmyndir um Hornstrandastofu sem hún segir bæði geta þjónað veigamiklum hlutverkum. „Í mínum huga er skiptir miklu að auka þjónustu- og upplýsingagjöf auk þess sem mikilvægt er að sem mest af þeim rann-

sóknum sem gerðar eru í tengslum við Hornstrandir fari fram hér fyrir vestan og óhjákvæmilegt annað er að Náttúrustofa Vestfjarða gegni þar auknu hlutverki Samkvæmt vaxtarsamningi Vestfjarða getur frumkvæðið að aukinni landvörslu eða Hornstranda-

stofu komið hvort heldur sem er frá umhverfisráðuneytinu eða Ísafjarðabæ. Við eigum að taka höndum saman og ég er reiðubúin að leggja mig fram um að ná fram þeim markmiðum um eflingu starfsemi hér í tengslum við Hornstrandafriðlandið.“

STAKKUR SKRIFAR

Grænna hinu megin?

Hvar standa Vestfirðir og Vestfirðingar á hagrænum mælikvarða? Hagvöxtur er stika sem mælir vöxt enahagslífsins. Nú hafa verið birtar tölur sem sýna að Vestfirðir sem landshluti hafi búið við lakari hagvöxt en aðrir hlutar Íslands að frátæknunni því svæði sem kennt er við Norðurland vestra. Þar mun ástandið vera svipað og hér. Samhengi virðist nokkuð glögggt milli gangs efnahags og fólksfjölda. Þessir tveir hlutar Íslands hafa tapað í baráttunni um að halda íbúum. Heldur hefur fækkað og hvert stefnir nú.

Tölur eru ágætar og sérdeilis góðar til samanburðar. Sumir vilja meina að tölur séu hagstæðar til að hagræða sannleikanum. En í þessu tilviki koma þær heim og saman við það sem hefur verið að gerast. Íbúum fækkar jafnt og þétt á Vestfjörðum. Svo djúpt erum við sokkin að við gleðjumst þegar íbúum fækkar hlutfallslega minna eitt árið en árið á undan. Á sama tíma spyr þingmannsefni ráðherra að því af hverju Vestfirðingum fækki. Svarið getur hvorki verið langsótt né flókið. Auðvitað fækkar þeim vegna þess að fólk flytur burt, færri börn fæðast og það koma ekki nógu margir til að fylla í skörð sem verða til þegar fólk tekur pokann sinn og heldur á nýjar lendur.

Ef til vill hefði verið nær að spyrja hvers vegna fjölga Vestfirðingum ekki? Svar hefði orðið hið sama. En hvað er þá hægt að gera til þess að snúa vörn í sókn? Torsóttara kann að vera að finna svörin við þeirri spurningu. Verra er reyndar að ekki virðist þau að finna í stefnuskrám stjórnmalaflokka

og þingframboða og hallar þar hvorki á ráðherra né þingmannsefni. Stundum þætti okkur betra sauðsvörtum almúganum að fá einhverja línu frá þeim sem vilja fá okkur til að greiða þeim atkvæði. Eitt er þó víst að grafalvarlegt er að sjá þróunina og flestum skynugum mönnum bregður ekki við samhengi milli vaxtar efnahagslífs og fólksfjölgunar.

Það er ekki alltaf út í hött að mörgum þyki grasið grænna hinu megin girðingar og það eru ekki bara skepnurnar sem taka eftir því og leita í grösugri haga. Það gerir fólk líka enda vilja flestir tryggja hag sinn og sinna til að komast betur af en þeir gera. Þannig er mannlegt eðli. Búast má við því að fréttir af slöku gengi efnahagslífsins, framleiðslu á Vestfjörðum, kunni að ýta undir einhverja að leita gösugri haga. Hitt gerist vonandi líka að samstaða myndist um það að leita nýrra leiða til að efla hagvöxt á Vestfjörðum. Þá er afar mikilvægt að muna að hversu góð sem ferðaþjónusta kann að reynast, þá mun hún ekki reynast sú lausn sem margir vonast eftir. Fleira þarf til.

Vilji Vestfirðingar sniðganga stóriðju getur verið þrautin þyngri að finna leið. Hátækni er oft nefnd í þessu samhengi en dugar ekki til nema að svo vel heppnist að skapa fjölbreytni og efla byggð með fleira fólk. Þeir sem stunda hátækni, upplýsingatækni og allt sem til þarf vilja vera innan um sína líka. Fjölbreytni er skilyrði vænlegs mannlífs.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Óska umsagnar um reykingabann

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur óskað eftir umsögn Ísafjarðarbæjar um drög að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum. Í reglugerðinni eru tekin upp ákvæði laga um tóbaksvarnir sem takmarka eða banna tóbaksreykingar. Helsta nýmæli reglugerðarinnar lýtur að nánari útfærslu á banni við tóbaksreykingum í þjónusturýmum stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum. Samkvæmt lögnum eru tóbaksreykingar óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þ.m.t. íþrótt- og tómstundastarf. Sama gildir um tilsvarendi svæði utan húss séu þau ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi. Óskað er eftir því að umsögn Ísafjarðarbæjar berist fyrir 12. febrúar.

Ljósastaurar fluttir vegna kvartana húseigenda að Túngötu 1 á Ísafirði

Verið er að endurskipuleggja staðsetningu Ljósastaura við bæjarbrekkuna á Ísafirði. Í ágúst síðastliðnum barst bæjarfélaginu erindi frá eigendum húseignarinnar við Túngötu 1, undirritað af Ragnheiði Hákonardóttur og Guðbjarti Ásgeirssyni, þar sem staðsetningu nýs Ljósastaura er mótmælt. Segir í bréfinu að miklu muni um nýja staurinn, sem staðsettur var á horni Túngötu og Hafnarstrætis, þar sem hann falli þvert yfir garðmyndina, séð út eftir götunni, ólíkt því sem eldri Ljósastaur við Túngötu gerir. „Nýi Ljósastaurinn sker því götumyndina og verður ávallt í forgrunni, bæði við hús og götu og rýfur friðhelgi götumyndarinnar.“

Þá segir einnig í bréfinu: „Í bæjarbrekkunni var áður einn staur staðsettur rétt við lóðarmörk Túngötu 1 og Söltúns. Breyting hefur nú orðið á þar sem reistir hafa verið þrjár staurar í brekkunni. Það skal tekið fram að ekkert samráð var haft við eigendur Túngötu 1 um þetta staðarval fremur en aðrar framkvæmdir við lóð og nágrenni húss.“ Nú verða fjarlægðir tveir Ljósastaurar í brekkunni, og verður einn staur settur í staðinn og fer hann niður ofar í brekkunni. Í sumar munu svo gatnamótin löguð, og Ljósastaur sem stendur við Hafnarstræti, tæpum tíu metrum frá gatnamótum Túngötu og Hafnarstrætis, færður nær Túngötu.

Að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar, bæjartæknifræðings Ísafjarðarbæjar, er útlit fyrir að framkvæmdin verði verulega kostnaðarsöm. „Þetta er gróftur innan um vatnslagnir, háspennustrengu og ljósléiðara“, segir Jóhann og



Túngötu 1 og staurinn sem hefur nú verið fjarlægður.

kveður verkið vandasamt. „Það má segja að það þurfi að handgrafa þetta.“

„Kostnaðurinn skrifast alfarið á bæjaryfirvöld“

Ragnheiður Hákonardóttir segir að kostnaður við breytingarnar sé ekki á sína sök,

enda hafi ekki verið haft samráð við íbúa þegar nýr Ljósastaur þar var settur niður. „Þegar kvörtunarbréf okkar er tekið fyrir vorum við búin að hafa samband við bæjartæknifræðing og bæjarstjóra, og óska eftir viðræðum“, segir Ragnheiður. „Við komum úr sumarfrí og urðum þess vör að búin var að grafa frá allri girðingunni svo ekki var mannfært inn í húsíð, sem er í útleigu. Þetta verk var framkvæmt án samráðs við okkur, hvað þá að við hefðum verið látin vita. Við óskuðum eftir viðræðum um þetta mál, en okkur var ekki ansað með það. Litlu seinna sé ég að verið er að leggja fyrir staurinum.“

Í kjölfar þessa ítrekum við fyrirspurn um viðræður, þar sem sýnt var að staurarnir voru ekki settir niður með þeim hætti að þeir fylgdu samþykkt Ísafjarðarbæjar um friðaða götumynd Túngötu. Friðuð götumynd þýðir að þær kvaðir eru lagðar á húseigendur við

þessa götu að þeir mega ekki hrófla við eða breyta götumynd eða ásýnd götunnar Túngötumegin frá“, segir Ragnheiður, en umræddur staur var settur niður Túngötumegin á horni Hafnarstrætis og Túngötu. „Við óskuðum eftir viðræðum um þetta, og vildum í rauninni fara fram á að staurarnir yrðu ekki settir niður með þessum hætti, en því var ekki sinnt.“

Þá segir Ragnheiður að kvörtunarbréf hafi verið skrifað. Fengust þær upplýsingar bréfið yrði tekið fyrir í bæjarráði. „Síðan heyrði ég í formanni bæjarráðs sem sagði að samkomulag væri um að leysa þetta mál, svo bréfið var ekki tekið fyrir strax. Samt sem áður er bréfið tekið fyrir nokkru seinna, þar sem ekkert hafði orðið um efndir í viðtölum við bæjarstjóra og bæjartæknifræðing, enda hafði verkinu allan tímann verið haldið áfram þrátt fyrir þessar málaleitanir. Okkur var líka

sagt það af bæjartæknifræðingi að okkur kæmi þetta ekki nokkurn skapaðan hlut við.“

Segir Ragnheiður að þau hafi fengið skriflegar upplýsingar um niðurstöðu bæjarráðs, sem var á þá leið að settur skyldi niður staur ofar í brekkunni. „Ég sá svo í gær (þriðjudag í síðustu viku) að verið var að setja niður staur þétt við hliðstólpann, og tók myndir af því verki. Ég hef ekki gert athugasemdir við þessa ákvörðun bæjarráðs, en það var ljóst frá upphafi að sá kostnaðarauki sem Jóhann Birkir, bæjartæknifræðingur, vísar til væri alfarið sök bæjarins, vegna þess að ekki var gengið í þetta verk í upphafi eins og við höfðum farið fram á. Með því hefði mátt koma í veg fyrir þennan kostnað. Þess vegna er það bæði rangt og ósanngjarnt að bæjartæknifræðingur skuli, með orðum sínum, varpa slíku yfir á okkur til að hleypa illu blóði í fólk. Ég tel nóg hafa verið gert í

sumar þegar bæjarstjóri og bæjartæknifræðingur kenndu okkur um að ekki væri hægt að lýsa Hlíðarveginn í viðtölum við íbúa þar. Það er óþolandi í litlum samfélögum að starfsmenn bæjarins skuli etja íbúum saman með svona framkomu og ósannsógli.“

Jóhann Birkir segist aldrei hafa sagt að kostnaður við flutning Ljósastaura við Túngötu væri sök þeirra sem kvörtuðu, líkt og Ragnheiður Hákonardóttir, húseigandi Túngötu 1, heldur fram hér að ofan. „Ég vil koma því á framfæri að þar sem talað er um kostnað við færslu tveggja staura, að ég hef aldrei sagt að kostnaður við færslu þeirra væri sök þeirra sem kvörtuðu“, segir Jóhann Birkir. „Enda var bara óskað eftir því að það yrði gert. Bréfið var tekið fyrir í bæjarráði sem ákvað að staurarnir yrðu færðir og þar af leiðandi er það ákvörðun bæjarins að fara út í þann kostnað.“ – eirikur@bb.is

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Kvensjúkdómalæknir á Ísafirði

Kristín Jónsdóttir, kvensjúkdómalæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 7. til 10. febrúar.

Tímamantanir í síma 450 4500 á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.

„Gamla sundlaugin okkar er barn síns tíma og mætir ekki lengur kröfum samfélagsins, hún er of stutt til að þeir fjölmörgu sem æfa keppnisund hafi viðunandi æfingaaðstöðu, að ekki sé nú talað um aðgengi t.d. fyrir fatlaða. Margir íbúar bæjarins fara reyndar í næstu bæi, til Suðureyrar eða Bolungarvíkur til þess að komast í almennilega laug.“

Gríp tækifærin þegar ég

Sævar Óli Hjörvarsson er mikill athafnaður en hann hefur ásamt öðrum góðum mönnum byggt upp frá grunni verktaka-fyrirtækið KNH sem nýverið hóf framkvæmdir við gerð Djúpvegur í Ísafjarðardjúpi sem er eitt stærsta verk í vegagerð sem ráðist hefur verið hérlendis í lengri tíma. Auk þess hefur hann komið að stofnun margra annarra fyrirtækja. Sævar er einn þeirra sem hafa háleitar hugmyndir um hvernig bæta megi og styrkja heimabæ sinn, Ísafjörð þar sem hann býr með konu sinni Halldóru Þórðardóttur. Meðal annars hefur hann unnið að því að gera að veruleika hugmynd að byggingu íþróttamiðstöðvar og nýrrar sundlaugar á Ísafirði. Nýverið vakti athygli hugmynd um að stækkun eyrarinnar fyrir neðan Torfnæs til að búa til landrými til þess að byggja á, en sú hugmynd var runnin undan rifjum Sævars meðal annarra. Bæjarins besta fékk Sævar til að taka sér frí frá önnunum til þess að spjalla um verktakabransann og hugmyndir um uppbyggingu bæjarins.

Hvert var upphafið að þessu öllu saman?

„Það byrjaði með því að ég og Siggi félagi minn (Sigurður Óskarsson) keyptum steypustöðina árið 1996. Áður var ég að vinna hjá Magga Helga (Magnúsi Helgasyni) í Trésmiðjunni Hnífsdal. Um ári seinna opnuðum við Bílagarð þar sem við seldum nýja og notaða bíla ásamt varahlutum. Við ætluðum að stækka það fyrirtæki mikið en það fór allt í bruna árið 1999. Eftir brunann byrjuðum við með bílasöluna aftur á öðrum stað, í Edinborgarhúsinu. En það gekk brösuglega að hafa starfseminu á tveimur stöðum. Þegar við byrjuðum svo í vörubílabransanum upp úr aldamótunum hættum við með bílasöluna, það gekk ekki upp að reka þetta saman. Þá stofnuðum við verktakafyrirtækið Kubb og byrjuðum með einn vörubíl en sá bíll hefur bara stækkað, ef svo má segja. Við sameinuðumst Stíg Arnórssyni og fyrirtækið óx smám saman. Í upphafi vorum við eingöngu að vinna á Vestfjörðum en þegar félagið stækkaði var ekki nóg um verkefni á svæðinu svo að til að geta boðið í stærri verkefni annars staðar sameinuðumst við tveimur öðrum fyrirtækjum, Norðurtaki ehf. á Sauðár-

króki og Hetti sf. í Hrutafirði og úr varð KNH ehf. Ári seinna keyptum við Norðurtak út, og KNH hefur bara stækkað síðan.

KNH kom að stofnun nýs þjónustufyrirtækis, Símvæversins, á síðasta ári sem hefur verið að bæta við sig verkefnum og starfsfólki, vonandi á það eftir að stækka og dafna.

Nú stendur fyrir dyrum samvinna við smíðafyrirtækið Geirnaðglann sem er í eigu Magnúsar Helgasonar. Fyrirtækið á húsnæði þar sem Trésmiðjan Hnífsdal var áður til húsa, og er að koma á fót litlu verkstæði þar. Geirnaðglann vinnur núna að verkefnum í Reykjavík þar sem nóg er að gera og reyndar á Ísafirði líka. Við frúin eigum svo hlut í harðfiskfyrirtækinu Vestfiski sem er í örum vexti, salan hefur margfaldast undanfarið ár og nú er fyrirtækið að stækka við sig húsnæðið, flytja til Súðavíkur og kaupa bát, þetta er því orðið ágætis bland í poka.“

Vona að bærinn stækki og dafni

– Það má því segja að þið stuðlið ötullega að auknu atvinnulífi á Ísafirði og nágrenni.

„Við gerum okkar besta, við

viljum búa héna og þar af leiðandi viljum við að bærinn verði blómlegri. Ef við sjáum tækifæri munum við grípa þau; stækka við okkur og opna ný fyrirtæki með öðrum aðilum.“

Nú var KNH ásamt Vestfirskum verktökum að takast á hendur eitt af stærstu verkum sem boðin hafa verið út í vegagerð hérlendis, er það ekki rétt?

„Jú, ég veit ekki betur en að þetta sé stærsta verk á Vestfjörðum frá því að Vestfjarðagöngin voru gerð 1996, svo erum við einnig að vinna nokkur verk í Reykjavík og nágrenni, vegagerð í Kollafirði auk þess sem við erum nýbúinir að klára sjóvarnargarð á Neskaupsstað svo það er alveg nóg að gera.“

– Er ekki erfitt að vera að vinna um allt land og búa á Ísafirði?

„Það er ekkert erfiðara en fyrir reykvísku verktaka að fara um allt land. Jú, reyndar eru samgöngurnar erfiðari en við erum að vinna í því, það verður þó að viðurkennast að það er ansi langt að fara til Neskaupsstaðar frá Ísafirði, þetta hefur samt gengið ágætlega.“

Svo að þú ert ekkert á förum frá Ísafirði á næstunni?

„Nei ég vil búa hér. Ég vona auðvitað að bærinn stækki og dafni en við höfum ekki hugsað okkur að fara héðan. Ég hef reyndar grínast með það að ef ég fæ ekki nýja sundlaug á Ísafjörð muni ég flytja héðan“, segir Sævar og hlær.

Sundlaug fyrir alla

– Er eitthvað að fréttu af fyrirhugaðri byggingu íþróttamiðstöðvar á Ísafirði?

„Ísafjarðarbær hefur látið gera þarfagreiningu og kostnaðaráætlun sem bæjaryfirvöld eru að skoða þessa dagana, nú bíður maður eftir viðbrögðum. Þetta gengur ansi seint, við byrjuðum fyrir rúmu ári að leggja tíma og peninga í að koma þessu á framfæri og við erum ekki miklu nær takmarkinu í dag. Ráðamenn eru þó farnir að skoða hlutina af alvöru, við viljum auðvitað fara að fá svör, já eða nei og hvernær. Jafnvel þótt það verði ekki fyrr en 2008 eða -9 þá væri gott að fá einhver viðbrögð svo menn geti farið að

gera einhverjar áætlanir. Það er full þörf á slíkri miðstöð fyrir bæjarbúa og til að gera bæinn meira aðlaðandi. Maður sér það alls staðar um landið að sveitarfélög eru ýmist að byggja svona hús og bjóða svo út reksturinn, eða bæta þá aðstöðu sem fyrir er. Það hlýtur að koma fram í þessari þarfagreiningu að það sé þörf fyrir svona aðstöðu hér í bæ.“

– Hvernig hafa viðbrögð bæjarbúa verið?

„Þau hafa verið alveg gífurleg. Ég er spurður fréttu af þessu á hverjum degi. Allir vilja nýja og stærri sundlaug, fá svör hvort af byggingunni verði eða ekki. Þetta er í grundvallaratriðum það sama og að maður vilji gera heimili sitt fínt og þægilegt, sömu leiðis viljum við hafa bæinn okkar vistlegan og eiga kost á góðri aðstöðu til að rækta heilsuna. Góð sundlaug með pottum og leiktækjum væri fyrir alla, unga sem aldna. Gamla sundlaugin okkar er barn síns tíma og mætir ekki lengur kröfum samfélagsins, hún er of stutt til að þeir fjölmörgu sem æfa keppnisund hafi viðunandi æfingaaðstöðu, að ekki sé nú talað um aðgengi t.d. fyrir fatlaða. Margir íbúar bæjarins fara reyndar í næstu bæi, til Suðureyrar eða Bolungarvíkur til þess að komast í almennilega laug. Auðvitað ættum við hér á Ísafirði að drífa okkur í hlutunum og gera það með glæsibrag.“

Það er ekki auðvelt að stuðla að heilsuefningu en krafan í dag er einfaldlega sú að fólk geti ræktað líkamann í sinni heimabyggð. Stebbi Dan (Stefán Dan Óskarsson) hefur gert kraftaverk og ég dáist að honum, en það þarf að lyfta þessu upp og koma með betri aðstöðu. Ég er þá ekki að tala um einhverja gríðarlega aðstöðu eins og t.d. hjá World Class í Reykjavík, heldur bara góða aðstöðu fyrir fólk. Íþróttahús, fótboltavöllur og skíðaðstaða er allt saman góðra gjalda vert en betur má ef duga skal og nú finnst manni komið að því að fá í bæinn almennilega aðstöðu til líkamsræktar og sundlaug sem allir frá 0-100 ára geta notað. Þetta má ekki standa fast í kerfinu, menn þurfa bara að setjast niður og taka ákvarðanir.

Hjá öllum flokkunum var bygging sundlaugar eitt af kosningaloforðunum. Svo gerist ekki neitt og við þurfum að fá svör, er þetta af eða á. Auðvitað skil ég að bærinn sé blankur en stundum þarf að hugsa til framtíðar þó það kosti peninga, fólk vill ekki búa þar sem þjónustustigið er lágt. Þetta er bara spurning um hvernig lítið er á hlutina.“ Við ættum að fara að dæmi Súðvíkinga og reyna að laða fólk og fyrirtæki að bænum. Fyrirtæki skapa atvinnu, við eigum að nota tækifærið á meðan uppsveiflan er. Fólk er farið að byggja á Ísafirði á ný eftir ládeyðu í fjöldamörg ár og fasteignaverð hækkar. Það þarf að halda þessum bolta á lofti og hamra járníð á meðan það er heitt.“

Stærri bæ til að byggja á

– Nú hefur þú ásamt fyrirtæki þínu Eyrarsteypu ehf. óskað eftir samstarfi við Ísafjarðarbæ um landmótun og uppbyggingu verzlunar- og íbúðabyggingar við Pollinn á Ísafirði. Hvernig kom sú hugmynd upp?

„Þegar við byrjuðum að varpa fram hugmyndinni um sundlauginu höfðum við hugsað okkur að byggja hana í Pollinum. Það þótti of dýr framkvæmd að fara að dæla upp fyllingu og verja með grjóti. Svo þegar flæddi yfir eyrina um jólnin datt okkur í hug að slá tvær flugur í einu höggi og búa til landsvæði um leið og við myndum verja bæinn fyrir sjógangi. Stóra spurningin er bara hvernig eigi að gera það. Menn deila um það og þurfa einfaldlega bara að ræða málin og komast til botns í því.“

Miðbærinn á Ísafirði er einstakur og við bæjarbúa viljum halda honum lifandi og huggulegum. Á mörgum öðrum stöðum á landinu er enginn miðbær sem slíkur.

Við þurfum að halda miðbænum óskertum en búa samt til rými fyrir fólk til að byggja á. Mín skoðun er sú að verksmiðjuverfði á höfninni sé ekki rétti staðurinn til að byggja íbúðarhúsnæði. Hvar á svo að koma iðnaðarhúsnæði fyrir þegar þörf verður á því.

Hugmyndin var sú að koma

með landfyllingu fyrir neðan Torfnæs sem myndi skapa pláss til byggingar. Það má svo deila um það hvort ekki ætti að stækka eyrina frekar að norðanverðu. Það hefur verið rætt um að til að stóru skemmtiferðaskipin geti komið inn á Pollinn, þyrfti að dýpka sundin þar sem grynnungarnar eru og þá væri hægt að nota sandinn sem til félli í landfyllingu.“

– Hvernig hafa viðbrögð bæjarbúa verið?

„Þau hafa verið góð, ég hef allavega ekki heyrt neitt annað en gott. Þetta eru náttúrulega bara hugmyndir sem enn eru á frumstigi. Það væri samt gaman að gera þetta, búa til landrými svo hægt sé að byggja húsnæði og kannski smábátahöfn rétt við bensínstöðina, gera eitthvað sniðugt. Auðvitað er þetta marga ára plan en menn þurfa að huga að þessu og hvernig hægt sé að framkvæma það.“

Það er allt á uppleið, bærinn verður alltaf fallelgr og nýjar hugmyndir kvikna. Tökum sem dæmi að þegar háskólinn kemur þarf að hafa gott pláss undir hann í staðinn fyrir að hola honum niður í verksmiðjuverfi. En þetta eru náttúrulega allt langtímaáætlanir og fyrsta tillaga er nú ekkert heilög. Menn þurfa að spekulera í því hvernig eigi að gera þetta allt saman. Þetta er bara spurning hvernig við viljum hafa bæinn okkar. Eigum við að stækka hann að norðanverðu þar sem neþjan er, eða eigum við að stækka hann inn í Pollinn þar sem oft er logn og gott veður. Hvernig sjá bæjarbúar Pollinn fyrir sér? Væri hann eitthvað minna fallelgur ef hann væri minnkadur örlítið með brattari bakka, fallelgum gróðri, steinum og göngustíg þar á ofan? Ég sé ekki að hann yrði eitthvað verri ásýndar þótt við myndum breyta aðeins laginu á honum. En ég er Hnífsdælingur og kannski eru ekki allir sammála mér“, segir Sævar og hlær. „En ef við myndum breyta eyrinni í upprunalegt horf þá byggju ekki margir á henni. Ansi mörg hús væru þá komin í kaf.“

Best að vera heima

– KNH er að vinna út um allt land, er þetta ekki mikið

„Hvernig sjá bæjarbúar Pollinn fyrir sér? Væri hann eitthvað minna fallegur ef hann væri minnkaður örlítið með brattari bakka, fallegum gróðri, steinum og göngustíg þar á ofan? Ég sé ekki að hann yrði eitthvað verri ásýndar þótt við myndum breyta aðeins laginu á honum. En ég er Hnífsdælingur og kannski eru ekki allir sammála mér.“

Ég sé þau

púl?

„Jú þetta er frekar mikil vinna en það fer auðvitað eftir því hversu mikið er í gangi. Mest er þetta úthaldsvinna, maður vinnur í um ellefu daga og er þrjá daga í frí, þannig að ég sé konuna mína aðra hvora helgi. Auðvitað viljum við fá verk heima fyrir en það er bara ekki nógu mikið í gangi til þess. Það eru þó spennandi tímar framundan í þessum bransa. Snjóflóðagardur í Bolungarvík á næstunni, vegagerð í Djúpinu og þar fram eftir götunum. Það er margt að gerast næstu árin og við reynum að ná eins miklu og við getum. Við förum þangað sem verkin eru, og erum mestmegnis með heimamenn í vinnu en við erum líka með starfsmenn annars staðar að af landinu, gott starfsfólk er gulls ígildi sem við reynum að halda í.

Oft eru þetta ansi miklar vegalengdir sem við þurfum að fara til að sinna verkunum. Til að mynda vorum við með verk á Bíldudal og þurftum að keyra 800 km til að komast þangað þegar verst lét, ef jarðgöngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar sem eru reyndar á áætlun, hefðu verið komin í gagnið hefði keyrslan verið innan við 150 km.

Ef engin verkefni væri að fá á Íslandi myndum við sjálf-sagt leita til útlanda. Auðvitað vill maður vera heima en það er nú ekki svo langt að fljúga til Evrópu, tekur rétt um þrjá tíma. Fyrst útlendingar geta komið til landsins til að vinna því ættum við þá ekki að geta farið út til að sinna verkum.

– Óraði þig fyrir því þegar þú varst að alast upp, að þú myndir fara út í þennan geira þegar þú yrðir eldri?

„Nei, ég er menntaður húsa-smíðameistari og vélstjóri. Nú er ég þó að loka hringnum með samvinnunni við Geir-naglann og Magga Helga, sem ég vann með áður en ég fór út í þennan bransa.

Nei maður hafði ekki hugmynd hvað maður ætlaði að verða þegar maður yrði stór. Svo er þetta fljótt að gerast og maður reynir bara að gera eitthvað af viti“, segir Sævar Óli Hjörvarsson sem er uppfullur af hugmyndum og hefur drifkraftinn til að koma þeim í framkvæmd.

–*thelma@bb.is*



Skipa starfshóp um lýðheilsumál

Bæjarráð Bolungarvík hefur skipað starfshóp til að huga að lýðheilsumálum. Í starfshópnum eiga sæti þau Anna G. Edvardsdóttir formaður, Ólafur Kristjánsson og Sigrún Gerða Gísladóttir. Tilgangur starfshópsins verður m.a. að skoða og meta þarfir og úrlausnir Bolvíkinga á félags- og lýðheilsuviði sem og að meta og finna leiðir til að bæta búsetuskilyrði í sveitarfélaginu, jafnt hjá ungum sem öldnum. Bæjarráð fól bæjarstjóra að senda meðlimum starfshóps erindisbréf. Gert er ráð fyrir að hópurinn starfi í tvö ár og skili áfangaskýrslum á tímabilinu og lokaskýrslu.

Fjarnám í þjálfunarfræðum

Fjarnám í þjálfunarfræðum mun hefjast í fyrsta sinn á Vestfjörðum í febrúar. Um er að ræða fyrsta stigs menntun á vegum Íþróttasambands Íslands. Námið tekur átta vikur og gefur tvær námseiningar á framhaldsskólastigi. „Það hefur verið krafa okkar sem störfum fyrir íþróttahreyfinguna utan stór Reykjavíkursvæðisins að þeir sem bjóða upp á þjálfaramenntun reyni að auka möguleikana á fjarnámi. Með því verður okkur betur gert kleift að mennta okkar þjálfara til jafns við þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu“.

Mikilvægt að fá bættu aðstöðu fyrir gesti skemmtiferðaskipa

Hagsmunaaðilar og áhuga-fólk um móttöku skemmtiferðaskipa á Ísafirði hefur sent bæjarráði Ísafjarðar ályktun sem samin var á fundi um skemmtiferðaskipamál sem haldinn var á haustmánuðum. Hnykkja þau þar á þeirri ósk að farið verði í gerð göngustíga við og frá höfninni sem nýttast gestum skemmtiferðaskipa. Fundurinn taldi ásýnd bæjarins á því svæði sem gest-

ir skemmtiskipa fara um ábótavant og hefur Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar ítrekað ályktað um þetta mál. Fundurinn taldi mjög mikilvægt að á Ísafjarðarhöfn rísi þjónustuhús fyrir ferðamenn á svæðinu. Í þjónustuhúsinu væri hægt að sameina upplýsingaþjónustu við farþega skemmtiferðaskipa og ýmiskonar þjónustu við aðra ferðamenn, eins og t.d. Hornstrandafara. Einn-

ig skal líta til ferðamanna á skútum og skemmtibátum við byggingu hússins. Hafnir Ísafjarðarbæjar hafa um þetta góðar hugmyndir sem mikilvægt er að fái nægan hljómgrunn til að verða að veruleika fyrir næsta sumar.

Fundurinn taldi að enn þurfi að gera umtalsverðar úrbætur í aðgengismálum við Byggðasafnið í Neðstakaupstað. Undirlag þar er nokkuð gróft og

þegar mikill fjöldi gesta er á svæðinu, eins og gerist þegar skemmtiferðaskip hafa viðdvöl, annar svæðið ekki þeirri umferð á þröngum stígum sem þar eru. Þá er aðgengi fyrir hjólastóla ábótavant. Fundinum fannst vanta tilfinnanlega minjagripa fyrir Ísafjörð og töldu þeir sem þar voru að heppileg lausn á því máli væri að Ísafjarðarbær héldi samkeppni um gerð

minjagrips sem væri einkenniandi fyrir Ísafjörð/Ísafjarðarbæ. Samkeppnin innifæli þá hönnun tveggja eða þriggja gripa sem væru allir tilbrigði við sama stef, en væru allir mismunandi dýrir og höfðuðu þannig til mismunandi markhópa. Samkvæmt tillögnum leggur Ísafjarðarbær til verðlaunafé og/eða sölutryggir ákveðið upplag, sem bærinn getur notað í samskiptum sínum við vinabæi, fundi og annað þegar þess þarf. Þá telur

fundurinn mikilvægt að vekja þá vinnu sem farin var af stað við gerð nýs skjaldarmerkis fyrir bæjarfélagið.

Fundurinn sátu ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar, hafnarstjóri, leiðsögufólk, fulltrúar Vesturferða, Byggðasafnsins, upplýsingamiðstöðvarinnar og Markaðsstofu Vestfjarða. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tók erindið fyrir á síðasta fundi og vísaði því til kynningar í hafnarstjórn og atvinnuámalnefnd. — *annska@bb.is*



Minerva er fyrsta klassa skemmtiferðaskip sem hafði viðdvöl á Ísafirði sl. sumar.

Guðmundur Ingi Kristjánsson

Endurútgefa heildarsafn ljóða skáldsins

Til stendur að endurútgefa heildarsafn ljóða Guðmundar Inga Kristjánssonar, fyrrum heiðursborgara Ísafjarðarbæjar, ljóðskálds og bónda sem orðið hefði 100 ára í ár. Safnið nefnist Sóldagar og seldist upp er það kom út árið 1993 og hefur ekki verið fáanlegt um nokkurra ára bil. Í bókinni er að finna ljóð úr öllum fimm ljóðabókum skáldsins, auk kvæða sem hann orti eftir að síðasta bók hans, Sólfar, kom út árið 1982. Var ákveðið að endurútgefa bókina á fundi sem Sigríður Magnúsdóttir hélt með börnum Ólafs Þ. Kristjánssonar, en unnið hefur verið að því síðastliðnar vikur að leita leiða til að minnst 100 ára afmælis Guðmundar, sem

var 15. janúar síðastliðinn.

Meðal þeirra hugmynda sem ræddar hafa verið til að minnst afmælisins eru að halda á Flateyri hagyrðingamót og söngskemmtun helgina fyrir páska, að halda málþing um vestfirsk skáld, t.d. á degi Íslenskra tungu 16. nóvember, að halda skógræktardag í Holti í júní, og hefur sú hugmynd líka verið uppi að efla Ingastofu sem er gamla skólafostan hans í Holti. Þar hefur verið komið fyrir nokkrum munum sem voru í eigu hans. Auk þessara atburða er í undirbúningi útgáfa óbirtra ljóð og vísna Guðmundar Inga, sem hann orti við hvern dag ársins. Leitað er fjármögnunar til þeirrar útgáfu.

— *eirikur@bb.is*

Vilja jarðgöng frá Kollafirði yfir í Ísafjörð

Áhugamenn um vegasamgöngur á Vestfjörðum hafa sent bréf til opinberra aðila þar sem bent er á að hægt sé að stórauka arðsemi þjóðvegs 60 með því að tengja hann þjóðvegi 61, Djúpvegi í Kollafirði, með göngum þaðan í Ísafjörð. Í bréfinu segir þá m.a.: „Vestfirðingar fagna því að nú liggur fyrir að hægt sé að leggja láglandisveg um miðbik Reykhólasveitar á þjóðvegi 60. Við undirritaðir

bendum á að hægt er að stórauka arðsemi vegarins með að tengja þjóðveg 61, Djúpvæg í Kollafirði, með göngum þaðan í Ísafjörð. Við það styttest núverandi leið milli Ísafjarðar og Reykjavíkur um u.þ.b. 90 km. Og jafnframt er hægt að aka alla leiðina á láglandisvegi, sem stóreykur öryggi vegfarenda og mun gera lokun vegarins vegna veðurs að sárafaum undantekningum“.

Þá segir einnig að áætluð

Arnarfjarðargöng muni ekki koma að miklum notum fyrr en búíð sé að endurgera veg um eða undir Dynjandisheiði. „Nú er áætlað að hefja gerð Arnarfjarðarganga, sem áætluð er af samgönguráðherra næstu jarðgöng á Íslandi. Samkvæmt talningu er haustumferð á meðan vegir eru greiðfærir á þeirri leið einungis örfáir bílar á dag og göngin koma ekki að miklum notum fyrr en búíð er að end-

urgera veg um eða undir Dynjandisheiði. Þá er nú ekki öll sagan sögð því eftir eru Klett-háls og Gemlufallsheiði þannig að hægt sé að tala um láglandisveg fyrir stæðasta hluta Vestfirðinga til og frá Vestfjörðum. Ef sú jarðgangna-gerð færðist nú yfir að Kollafjarðarheiði, er líklegt að innan fimm ára verði komin greiðfær heilsársleið á milli Vesturbyggðar, Reykhólasveitar, Ísafjarðar og Stranda-

sýslu, og miðað við umferðarþunga má hún teljast ásættanlega löng miðað við að greiðfær sumarumferð verði um Arnarfjörð. Við leggjum til að könnuð verði hagkvæmni þessara breytinga á þjónustuumhverfi Vestfirðinga og jafnframt könnuð hagkvæmasta leiðin með tilliti til vegalengda og öryggis á sam-eiginlegri leið Vestfirðinga inn á þjóðveg nr. 1 með fram-tíðarsýn í huga“.

Afrít af bréfinu var sent til allra þingmanna kjördæmisins, þar á meðal samgönguráðherra, til stjórnar Fjórðungssambandsins, sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum og til Vegagerðarinnar.

Undirbréfið skrifa Hjørleifur Guðmundsson, Ólafur Kristjánsson, Sigurður B. Ólafsson, Steinþór Bragason, Úlfar B. Thoroddsen, Úlfar Ágústson og Valdimar Lúðvík Gíslason. — *eirikur@bb.is*

Ferðafélagið á ferð um Vestfirði í sumar

Hjá Ferðafélagi Íslands kennir ýmissa grasa þegar kemur að ferðum um Vestfirði fyrir sumarið, en eins og mörgum er kunnugt um hefur FÍ boðið upp á ferðir á Hornstrandir í áraradír. Meðal þess sem gert verður að þessu sinni er að fara á skíðum yfir Drangajökul, en sú ferð verður í lok maímánaðar og tekur þrjá daga. Í ferðinni er gengið á gönguskíðum úr Kaldalóni yfir í Reykjarfjörð og þaðan yfir í Hrafnfjörð. Í kringum Jónsmessuna verður boðið upp á sex daga jógaferð í Hlöðuvík þar sem Sigrún Valbergsdóttir fararstjóri og Auður

Bjarnadóttir jógakennari hafa ofan af fyrir ferðafólki við göngur, jógaslökun, glens og gaman. Fararstjórinn Guðmundur Hallvarðsson sem hefur farið með fjöldann allan af fólki um Hornstrandir verður með þrjár ferðir á vegum FÍ í sumar en það eru ferðirnar: „Fjallafíklar á ferð og flugi“, „Sælu-dagar í Hlöðuvík“ og „Fjallafíklar í sól og sælu - Langavitleysa hin skemmri“ en sú ferð er einmitt tvöföld afmælisferð FÍ og Guðmundar. Ferðirnar eru á bilinu 9-12 dagar og eru þær frá miðlungslöngum til nokkuð langra

dagleiða. Sigríður Lóa Jónsdóttir fer með göngu-hrólfá átta daga leið um stórbrotin fuglabjörg, fall-egar vikur og tilkomu-mikla firði við ysta haf. Þriðja árið í röð er boðið upp á ferðina „Unglingar á ferð og flugi“ en það er sex daga ferð fyrir unglinga í fararstjórn Steinunnar Leifsdóttur og Sólveigar Thorlacius, þær ferðir hafa verið vinsælar fyrir þennan aldursóp og gefist vel. Þær eru hugsáðar fyrir unglinga á aldrinum 14 – 18 ára, sem áhuga hafa á að kynna útivist og göngu-ferðum á Hornströndum. Eina ferðin sem ekki



verður um Hornstrandir eða næsta nágrenni verður í júlí og ber heitið „Djúpi-fjörður og næsta ná-

Frá Hornströndum.

grenni“ en það er þriggja daga ferð með Elísabetu Jónu Sólbergsdóttur og Úlfari Thoroddsen, þar

sem hinn margumræddi Teigskógur verður meðal annars skoðaður. – annska@bb.is



Bassi allur

Fíkniefnaleitarhundurinn Rocky Star Black Odin Bassi drapst fyrir stuttu. Bassi var þjóðþekktur ekki aðeins fyrir starf sitt við leit að fíkniefnum, heldur frekar fyrir að starfa við hlið þjálfara síns, Ísafirðingsins Þorsteins Hauks Þorsteinssonar fyrrverandi tollfulltrúa, við fíkniefnafræðslu til unglinga landsins um árabíl. Bassi var sóttur til Óðinsvéa í Danmörku á vormánuðum 1997 og var farinn að starfa fyrir Tollgæsluna í Reykjavík við leit að fíkniefnum í september sama ár. Hann starfaði við fíkniefnaleit allt til ársins 2003.

Þegar Bassi fór 18 mánaða í úttekt þar sem metin var hæfni hans til leitar að fíkniefnum og fékk hann einkunnina 63 af 64 mögulegum stigum. Jesper Jespersen yfirhundaþjálfari dönsku tollgæslunnar sá um úttektina sem fram fór í maí mánuði 1998 og hafði hann árið á undan haft yfirumsjón með þjálfun Bassa og umsjónarmanns hans.

Það er ódýrara að vera áskrifandi! Síminn er 456 4560

Byggðasafn Vestfjarða fékk 32 gjafir á síðasta ári

Byggðasafn Vestfjarða fékk 32 gjafir á árinu 2006, en í mörgum tilvikum var gefinn fleiri en einn munur. Meðal þess sem safnið fékk á árinu voru ýmsir munir úr fiskbúð Norðurtangans, sem Sveinbjörn Jónsson í Aðlöðun ehf., gaf; Einar Valur Kristjánsson gaf ýmis siglingatæki; Magni Guðmundsson gaf m.a. gamla amerískan ísskáp; Óskar Eggertsson gaf gamla ljósritunarvél; Karl Aspelund gaf tvo kassa af endurhlaðanlegum tónum koparpatrónum; Þórður Júlíusson gaf safninu rúmfjöl með áletrun; Auður Jóhannsdóttir gaf rafdrifinn rennibekk; Arndís Baldursdóttir gaf m.a. hálflika af bát eftir Ólaf Magnússon, skipasmið, og sigarettupakka af tegundinni Roy með nokkrum sigarettum í.

Magnús Ólafs Hansson færði safninu mastursbault; Albert Óskarsson gaf gamlan, stóran keðjupúllara; Nína Guðleifsdóttir afhenti m.a. servíettuhringi og silfurmyndaramma úr eigu Guðrúnar og Carls Ryden á Þingeyri. Vilberg Vilbergsson afhenti rennibekk sem faðir Vilbergs smíðaði; Kristján S. Ólafsson og frændsystkini gáfu m.a.



Byggðasafn Vestfjarða er staðsett í Neðstakaupstað.

Orgel sem William Cook, trúboði, flutti með sér til landsins; Jón Hólmsteinn Júlíusson afhenti safninu m.a. tvær bátaskrúfur; Garðar Guðmundsson gaf safninu ýmis tæki og tól úr Björnsbúð, m.a. búðarkassa og reiknivélur og

Jakob Falur Garðarsson gaf safninu Sinclair Spectrum tölvu frá árinu 1980.

Össur Torfason færði safninu tvenn ný aktygi og þrjár ljósmyndir; Guðbjörg Jakobsdóttir gaf snaga með fjórum hönkum; Eyvindur P. Eiríks-

son, rithöfundur, gaf safninu m.a. björgunarhring úr gamla Fagranesinu sem brann og heimasmiðaðan bjarghjál, sem pabbi Eyvindar og bræður smíðuðu; Grunnskóli Ísafjarðar gaf safninu ýmis skólagögn úr gamla barnaskólahúsi-

inu á Ísafirði; Magnús Ó. Hansson gaf safninu gamla reiknivél af hreppsskrifstofunni í Hólmavík og kosningakassa og Gísli og Úlfur Úlfarsynir gáfu m.a. stóra trésmíðavél af gerðinni TBT.

Óskar Eggertsson gaf bókhaldstölvu, sem talin er sú fyrsta sem á Vestfirði kom, en hún er af gerðinni Radio Shack TRS-80; Skjalasafnið á Ísafirði afhenti ýmsa stimpla úr fótum sýslumannsembættisins og Kaupfélagi Dýrfirðinga, auk fleiri gripa; Guðbjörn Charlesson afhenti safninu sveðju sem fannst við jarðvinnu á Skipanesi; Þórdís Þorleifsdóttir afhenti safninu fjölda muna, þar af eitt par af gúmmískóhlífum fyrir háhælaða skó; Arnþrúður Aspelund gaf safninu útstillingarkassa frá úrsmíðaverkstæði Þórðar Jóhannssonar, úrsmíðameistara; Hrafn Norðdahl gaf safninu einn pakka af piparmyntum sérmerktum útgerðarvirketkinu Básafelli, sem starfaði á Ísafirði frá 1990-1995; og Halldór Páll Eydal gaf safninu sveinsstykki sín í málara-meistaraiðn og trésmíðameistaraiðn, auk fleiri æfingastykkja og teikninga, en alls voru gripirnir 17 talsins.

82 ár síðan að Sæbólaskirkja fauk

Í síðustu viku voru liðin 82 ár frá því Sæbólaskirkja á Ingjaldssandi fauk í miklu fátíðri sem gekk yfir Vestfirði. Jafnan er talað um „Halaveðrið“ þegar átt er við mikið mannskaðaveður á Halamiðum út af Vestfjörðum í febrúar 1925 þar sem fórust á sjöunda tug

manna. Sæból er bær og kirkjustaður á Ingjaldssandi, yst við vestanverðan Öndurarfjörð. Þar var kirkja helguð Maríu guðsmóður, Jóhannesi þegar átt er við mikið mannskaðaveður á Halamiðum út af Vestfjörðum í febrúar 1925 þar sem fórust á sjöunda tug

nú stendur á Ingjaldssandi var vígð 28. janúar 1924. Jón Sv. Jónsson, bóndi á Sæbóli, skar út altarisgráður og bekki. Guðmundur Einarsson frá Miðdal gerði skírnarfontinn. Ljósahjálmur úr kopar frá 1649 er elsti gripur kirkjunnar.

Mörg nöfn erlendra karl-

manna eru greipt í hann, enda talið að hann sé gjöf frá erlendri skipshöfn, sem bjargaðist í land úr sjávarháská á Ingjaldssandi. Einnig er að finna fornan kaleik og patínu frá árunum 1733 og 1776.

Ljósrossinn er gjöf til minningar um séra Sigtrygg

Guðlaugsson (1862-1959) á Núpi. Hann þjónaði Sæbólaskirkju í 23 ár og talið er, að hann hafi farið 900 sinnum yfir Sandsheiði í embættiserindum.

Legstaður hans er í Sæbólaskirkjugarði.

– annska@bb.is

Flestar nýskráningar til smábátaútgæða

Eins og sagt hefur verið frá voru nýskráð hlutafélög og einkahlutafélög á Vestfjörðum á nýliðnu ári 57 talsins. Langflestar voru nýskráningar smábátaútgæða, eða alls 21 talsins. Næstflest voru hlutafélög sem stunda leigurekstur atvinnuhúsnæðis, eða 4. Þrjú hlutafélög um húsbýggingar og aðra mannvirkjagerð voru stofnuð. Tvö hlutafélög voru stofnuð um hvern eftirtalinn rekstra: Leigu á vinnuvélum með stjórnanda; bílavíðgerðir og viðhald; matsölustaðir; leigu á íbúðarhúsnæði; og rekstur eignarhaldsfélaga. Eitt hlutafélög var stofnað í hverjum af níttján öðrum flokkum. Tölur þessar koma frá Hagstofu Íslands og miðast við nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á síðasta ári.



Félagar í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga eru ánægðir með störf sín

Margir ósáttir við launin

Mun fleiri félagar í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, eða 44%, telja líklegt að þeir verði í sama starfi en hjá öðrum félögum SGS. Þetta kemur fram í niðurstöðum kjara- og viðhorfskönnunar sem Capacent Gallup vann fyrir Starfsgreinasamband Íslands í haust. Að öðru leiti var útkoman svipuð hjá Verk-Vest og öðrum aðildarfélögum Starfsgreina-

sambandsins. Þó voru mun fleiri félagsmenn Verk-Vest ekki sáttir við laun sín en aðrir. 25% þeirra Verk-Vestfélaga sem svöruðu könnuninni sögðust vera mjög ósáttir við laun sín. Ánægja með launin er því varla ástæðan til að fólk telur líklegt að það verði í sömu vinnu eftir þrjú ár. Rétt er að taka fram að ekki kom fram marktækur munur á meðal-

launum milli Verk-Vest og annarra félaga SGS.

Á vef Verk-Vest er tekið fram að greinast hefur verið eftir því hvort launahækkun 1. júlí sl. hafi skilað sér til félaganna. Ekki hafa komið í ljós teljandi misbrestir á því. Hið sama virðist eiga við um önnur félög Starfsgreinasambandsins, en u.þ.b. 40% þeirra sem þátt tóku í könnuninni

töldu að þeir hefðu ekki fengið hækkun eins og þeim bar. Hlutfallið var svipað hjá Verk-Vest og öðrum í SGS hvað þetta snerti.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á fundi trúnaðarmannaráðs Verk-Vest. Var það Þórhallur Ólafsson starfsmaður Capacent Gallup sem kynnti helstu niðurstöður fyrir fundarmönnum.



Ísafjörður.

Nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga fækkar á Vestfjörðum

Alls voru nýskráð 57 hlutafélög og einkahlutafélög á Vestfjörðum í fyrra, en árið þar á undan voru skráð félög 61 talsins. Aðeins einu sinni frá árinu 1999 hafa nýskráningar verið færri, en það var árið 2004 þegar 49 félög voru skráð. Alls voru nýskráningar

hlutafélaga og einkahlutafélaga í ár 3.191, og voru því 1,8% nýskráðra félaga skráð á Vestfjörðum. Til samanburðar má geta þess að Vestfirðingar eru um 2,4% landsmanna.

Nýskráð fyrir á hverja 1.000 íbúa voru þannig 8 á Vest-

fjörðum en 10 á landsvísu. Undanfarnir þrjú ár hafa nýskráð félög á Vestfjörðum verið færri en nýskráð félög á landsvísu en á árunum frá 1999-2003 voru þau jafnan fleiri á Vestfjörðum en á landsvísu.

Flestar voru nýskráningar árið 2002 þegar

alls 128 félög voru nýskráð, eða 16 á hverja 1.000 íbúa. Voru þá 4,1% nýskráðra fyrirtækja skráð á Vestfjörðum.

Tölurnar hér að ofan eru frá Hagstofu Íslands og eiga allar við nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á tímabilinu 1999-2006. – *eirikur@bb.is*

Fegurðarsamkeppni Vestfjarða haldin í apríl

Fegurðarsamkeppni Vestfjarða verður haldin á Ísafirði 4. apríl og er undirbúningur keppninnar þegar hafinn. Samkvæmt venju á keppnin að vera haldin annað hvert ár en ekki fengust nógu margir þátttakendur í fyrra og var hún því blásin af. Nokkrar stúlkur hafa nú þegar samþykkt þátttöku en enn er leitað eftir fleiri keppendum. Meðþátttaka var

í síðustu keppni sem haldin var 2004 þar sem níu stúlkur tóku þátt. Af þeim tóku þrjár stúlkur þátt í keppninni um titilinn Ungfrú Ísland sem haldin var í Reykjavík þar sem tvær vestfirskar stúlkur komust í fyrstu fimm sætin sem er besti árangur fulltrúa Vestfjarða í keppninni til þessa.

Þá vakti hin ísfrska Ásdís Svava Hallgrímsdóttir mikla

athygli í fegurðarsamkeppni um á síðasta ári þar sem hún keppti fyrir hönd Íslands í Ungfrú Heimi og Ungfrú Evritilinn eftir góðan árangur hér heima í keppnunum um titilinn Ungfrú Reykjavík og Ungfrú Ísland. Í viðtali sem birtist í BB í nóvember segir Ásdís Svava: „Það hefði verið gaman að taka þátt í Ungfrú Vestfirðir en það var því

miður ekki haldin nein keppni í ár. Ef svo hefði verið hefði ég tekið þátt í henni.“ Óhætt er að segja að margir bíði spennir eftir að sjá hver árangur vestfirsku stúlkanna verður í ár.

Tekið er á móti ábendingum um vænlega þátttakendur í Stúdío Dan í síma 456 4022 eða hjá framkvæmdastjóra keppninnar í ár, Rákel Magnúsdóttur, í síma 867 5161.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
 Hafnarstræti 1 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
 Heimasíða: www.fsv.is

<p>Aðalstræti 20, Ísafirði 100m² þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi í miðbænum, ásamt sér geymslu. 11.900.000,-</p>	<p>Skipagata 11, Ísafirði 78,4 m² einbýlishús úr timbri á tveimur hæðum ásamt eignarlóð, tvö svefnherbergi. 8.500.000,-</p>
<p>Hlíðarvegur 24, Ísafirði 180,6 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt 45,6 m² stórum geymsluskúr. Kjallari er steypur en efri hæðir eru úr timbri. 14.900.000,-</p>	<p>Skólastígur 24, Bolungarvík 140,2 ferm. parhús á tveimur hæðum, sem byggt var úr steinsteypu 1959, fjögur svefnherbergi. 7.200.000,-</p>
<p>Silfurgata 11, Ísafirði 125 m² fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi. 10.000.000,-</p>	<p>Bakkavegur 6, Hnífsdal 179,2 m² klætt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 23 m² bílskúr og sólskála. 15.900.000,-</p>
<p>Heiðarbraut 12 - Holt, Hnífsdal 220 m² Einbýlishús á tveimur hæðum. Neðri hæð er steipt en efri hæð er byggð úr timbri, bílskúr er ca 21 m². 18.000.000,-</p>	<p>Sundstræti 36, Ísafirði 118,9 m² nýjar 3ja herbergja íbúðir í fjölbýli ásamt staði í bílgeymslu, ath aðeins 3 íbúðir eftir. 21.500.000,-</p>
<p>Aðalstræti 13, Ísafirði Samtals 184 m² 4-5 herbergja íbúð í tvíbýli í miðbæ Ísafjarðar, geymslur í kjallara og helmingur bílskúrs fylgir. 15.000.000,-</p>	<p>Garðavegur 4, Hnífsdal 117 m² steinsteipt raðhús á tveimur hæðum ásamt 28 m² bílskúr, þrjú svefnherbergi. 8.200.000</p>

Blaðamaður

Blaðamaður óskast til starfa á Bæjarins besta og fréttavefinn bb.is. Um er að ræða fullt starf frá mars-apríl 2007.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku og góða almenna þekkingu, einkum á vestfirsku samfélagi. Jafnframt þarf hann að vera framtakssamur og áráðinn.

Nánari upplýsingar gefur Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560.

Bjargvætturinn

Hæstánægður með að vera byrjaður aftur að þjónusta Vestfirðinga

Þau tímamót urðu á dögunum að flugfélagið Ernir, sem segja má að sé fætt og uppalið á Ísafirði, hóf að fljúga áætluarflug í heimahagana. Forsvarsmenn flugfélagsins buðu í og fengu flug milli Reykjavíkur annars vegar og Bíldudals og Gjögers hins vegar, en fram að því hafði félagið ekki sinnt reglubundnu flugi á Vestfjörðum í meira en áratug.

Af þessu tilefni sló blaðið á þráðinn til Harðar Guðmundssonar, flugmanns og eiganda Ernis, og ræddi við hann um starfsemi félagsins sem hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarið ár og er nú viðameiri en nokkru sinni áður.

Veruleg aukning í vélarflota og mannskap

„Starfsemi félagsins gengur bara þokkalega um þessar mundir, það er hellingur að gera og mikið um flutninga á þessa staði sem við erum að fljúga á í áætlunarflugi; Hornafjörð, Sauðárkrók, Bíldudal og Gjögur.“

– Nú eru þessar fjórar flugleiðir niðurgreiddar af ríkinu. Hvernig gerðist það að þið fóruð að fljúga á þessum leiðum?

„Þetta var bara boðið út og við skiludum inn tilbóði. Að vísu vorum við ekki með lægsta boð, en eftir að áreiðanleikakönnun hafði farið fram var okkur boðið að taka þetta að okkur.“

Um leið og við fengum verkið varð ljóst að við þyrftum að bæta verulega við okkur í vélarflota og mannskap. Við höfum verið að því að undanförunu, keyptum eina 19 sæta skrufuþotu og erum að leita að annarri slíkrri sem þá er ætluð í Vestfjarðaflugi.“

Reksturinn aldrei viðameiri

– Nú hefur rekstur flugfélagsins ekki verið viðameiri í langan tíma.

„Hann hefur bara aldrei nokkurn tímann verið viðameiri. Áætlunarflug krefst mikils mannskaps og Ernir verður innan tíðar orðinn að 25-30 manna fyrirtæki. Við vorum á bilinu 12 til 14 þegar mest var á Ísafirði.“



Hörður Guðmundsson, flugstjóri og eigandi Flugfélagsins Ernis. Ljós: Gollí.

– Rekstur Ernis var lítil eða enginn fyrst eftir að pósthuglagðist af á Vestfjörðum með tilkomu Vestfjarðaganga, ekki satt?

„Það er rétt. Við seldum flestar okkar vélar og ég fór sjálfur að vinna erlendis, fyrst í Þýskalandi og síðar í Afríku. Við höldum þó félaginu gangandi og áttum alltaf flugvél sem nýtt var í túristaflug og annað sem til féll.“

Við áttum húsnæði í Reykjavík sem við leigðum út, en tókum aftur í notkun fyrir um þremur árum síðan. Þá var eiginlega enginn á leigu- og túristaflugsmarkaðnum hérna á Íslandi svo við litum á það sem tækifæri til að endurvekja starfsemi. Það vantaði stöðugan og áreiðanlegan rekstraraðila í þessum geira flugsins, rekstri á minni og meðalstórum flugvélum.

Fyrst um sinn leit ég á þetta sem eitthvað sem ég gæti dundað mér við, en síðan þá hefur verkefnum fjölgað jafnt og þétt og vélum og starfsmönnum með. Það hefur líka margt breyst á þessum þremur árum. Fyrst um sinn kom megnið af veltunni frá leigu- og sjúkraflugi til annarra landa

og úr styttri túrum með erlenda og innlenda ferðamenn.“

Sveitamenn í eðli okkar

– Þið eruð væntanlega ánægðir með að vera komnir aftur vestur að hluta, þó höfundstjórnvarn sé ennþá í Reykjavík?

„Jú, það er vissulega mjög ánægjulegt. Við erum náttúrulega sveitamenn í eðli okkar og vitum vel hvað brennur á landsbyggðarfólki í samgöngumálum og öðru. Flugfélagið Ernir var stofnað árið 1970 og ég og aðrir sem hjá mér starfa hafa flogið á Vestfjörðum í á fjórða áratug.“

Ég er hæstánægður með að vera kominn aftur í Vestfjarðaflug og hef náð mér í menn með mikla reynslu af þessu fjarðarhoppi. Hálfán Ingólfsson er farinn að fljúga fyrir mig aftur og sömuleiðis Halldór Bjarni Árnason sem flaug Íslandar vél fyrir mig á sínum tíma. Þá er enn einn Vestfirðingurinn hjá okkur, Ingimar Sigurðarson. Svo hef ég náð mér í mikla jaxla að

sunnan sem hafa góða reynslu af Vestfjarðaflugi.“

Ómetanleg reynsla úr Vestfjarðaflugi

– Nú hafa gífurlega margir flugmenn unnið hjá þér í gegnum tíðina, og flugfélagið Ernir virkaði fyrir marga sem hálfgerður stökkpallur yfir í störf hjá öðrum og stærri flugfélögum, ekki satt?

„Jú, það má kannski segja það. Við fengum oft efnilega flugmenn með mikinn áhuga fyrir flugi til að koma vestur. Þetta voru menn sem ætluðu sér eitthvað í bransanum og voru ekki bara að bíða eftir því að stóru flugfélögin kölluðu í þá, voru tilbúnir að leggja svoltíti á sig og fljúga fyrir vestan í eitt, tvö, þrjú ár eða jafnvel lengur. Þarna fengu þessir menn ómetanlega reynslu sem hefur nýst þeim vel í því sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur.“

– Þetta er nú allmennt talið eitt mest krefjandi og spennandi flug sem menn komast í.

„Jú, margir vilja meina það. Á sínum tíma var flogið fimm daga vikunnar frá Ísafirði til

Súgandafjarðar, Flateyrar, Ingjaldssands, Þingeyrar, Bíldudals, Patreksfjarðar og jafnvel komið við á Tálknafirði og á Hrafnseyri. Síðan var lent á völlum í Djúpinu, í Bolungarvík, Reykjanesi, á Arngræðareyri, Melgraseyri og Bæjum. Alls voru milli 20 og 30 flugvellir skráðir á Vestfjörðum og við lentum á þeim öllum. Á mörgum þessara staða var flugið eini raunhæfi samgöngumátinn stóran hluta úr ári.“

Hef verið ótrúlega heppinn með fólk

– Hvaða flugmenn eru það sem þú manst best eftir frá þeim tíma þegar félagið var starfrækt á Ísafirði og hvað eru þeir að gera núna. Margir þeirra eru jú Vestfirðingar.

„Jú, þetta er sægur af mönnum sem hafa verið hjá mér í gegnum tíðina og margir þeirra Vestfirðingar. Halli Ingólfsson byrjaði nú hjá okkur kornungur og var mjög lengi. Hann er núna nýbyrjaður að vinna hjá mér aftur. Þá var Jón Ívarsson mjög lengi hjá okkur, sennilega í um tíu ár, en hann er núna flugstjóri hjá Atlanta.

Egill Íbsen frá Suðureyri er núna flugstjóri hjá Flugleiðum og sömuleiðis Gunnar Hauksón. Stefán Þórisson frá Patreksfirði er flugstjóri hjá Atlanta. Bolvíkinginn Óttar Hreinsón tók ég með mér til Afríku og skildi hann þar eftir í þrjú ár. Hann er núna flugstjóri hjá Flugleiðum. Sonur minn Guðmundur, sem aldrei átlaði að verða flugmaður en fékk dellinguna á unglingsárum og hefur haft ólæknandi flugbakteríu síðan, er flugstjóri hjá Cargo-lux í Luxemburg. Litlu vélararnar eru hans uppáhald, sérstaklega stélfjólsvélar sem þarf að hafa svoltíti fyrir.

Þetta er því líkur fjöldi manna sem hefur unnið fyrir mig og í raun ómögulegt að ætla að muna eftir þeim öllum. En ég hef verið einstaklega heppinn með fólk fram að þessu og vona og trú á að ég verði það áfram.

Þá lítum við björtum augum til framtíðar fyrir vestan og vonum að heimamenn verði ánægðir með þjónustuna okkar. Ég hef hingað til haft ánægju af því að þjónusta mitt fólk og efa ekki að svo verði áfram,“ sagði Hörður í samtali við blaðið.

Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Blogg Hlyns Þórs Magnússonar

<http://maple123.blog.is/blog/maple123>

„Senn líður að lokum knattspyrnuferilsins hjá Eiði Smára Guðjohnsen, enda verður hann 29 ára í haust. Ef lykilmennirnir hjá Barcelona sleppa við alvarleg meiðsl og spila ekki miklu verr en þeir hafa gert, þá virðast lítlar líkur til þess að hann fái þar mörg tækifæri, a.m.k. ekki í byrjunarliðinu. Þá er spurningun: Hvað gerir Eiður Smári undir lokin? Fer hann til West Ham og spilar í fyrstu deildinni á næsta ári eða kemur hann heim og spilar kannski með Val í tvö-þrjú ár?“

Smáauglýsingar

Til sölu er Isuzu Trooper árg. 91. Bíll í góðu standi. Skoðaður 07. Annar sem hægt er að nota í varahluti fylgir með. Upplýsingar í síma 868 1739.

Til sölu er MMC Pajero árg. 98. Sumar- og vetrardekk á felgum fylgja. Skoðaður 08. Topp eintak, mjög vel með farin. Uppl. í síma 892 6010.

Þorablót Sléttuhreppinga verður haldið 17. febrúar í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Návar auglýst síðar. Skemmtinefndin.

Þorablót Austfirðingafélagsins á Vestfjörðum verður haldið laugardaginn 17. febrúar. Þátttaka tilkynninst til Áslaugar í síma 899 0742, Hörpu í síma 843 0413 eða Guðrúnar í síma 863 4945.

Til sölu er lítið nota trommu-sest. Selst á kr. 15.000. Uppl. í síma 892 1694.

Til sölu er Land Rover Discovery 5 cyl, dísel, árg. 2000. Verð kr. 1.850 þús. Flottur, sparneytinn og góður jeppi. Skipstí á ódýri kemur til greina. Uppl. í síma 892 1694.

Þorablót Grunnvíkingafélagsins verður haldið í Félagsheimilinu í Hnífsdal 10. febrúar nk. Miðapantanir eru í sínum 868 0703 (Linda), 867 5560 (Guðbjörg) og 456 4145 (Sigríður).

Til sölu!

Til sölu eru eignir Sæfara, félags áhugamanna um sjósport á Ísafirði.

Um er að ræða dráttarbraut sem tekur allt að 30 tonna báta, 123m² íbúð á 2. hæð í vesturhluta, 65m² horníbúð á jarðhæð, 186m² íbúð á 2. hæð í suðurhluta, 132m² verkstæði á jarðhæð, 240m² verkstæði á jarðhæð og 39m² bílskúr.

Eignirnar seljast í hlutum eða allt í einni sölu. Tilboðum skal skila fyrir kl. 16 mánudaginn 12. febrúar. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar gefur Örn Torfason í síma 848 3460.

Spurning vikunnar

Stefnir í hrun á Vestfjörðum í ljósi fólksfækkunar og neikvæðs hagvaxtar?

Alls svöruðu 880.

Já sögðu 423 eða 48%

Nei sögðu 329 eða 37%

Óvíst sögðu 128 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Vel heppnað þorablót Hnífsdælinga

Á annað hundrað manns sóttu þorablót Hnífsdælinga sem var haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. „Blótið heppnaðist alveg rosalega vel í alla stað og voru í húsinu yfir 150 manns sem er mjög fin fjöldi. Fyrir um átta árum var blótið alltaf mjög vel sótt, eða um 220 gestir, en eftir að þorablótum fjölgaði á svæðinu fækkaði gestum og er nú aðsóknin aftur farin að aukast. Að mínu mati er ekki

æskilegt að það séu mikið meira 170 manns svo það sé ekki of troðið í salnum“, segir Margrét Skúladóttir sem var í skemmtinefnd.

Gestir komu með trog að heiman og tóku vel til matar síns. Boðið var upp á heimatilbúin skemmtiatriði þar sem áttahagbrandarar um daglegt líf þeirra sem búa í dalnum voru í fyrirrúmi. Að borðhaldi loknu var slegið upp dansleik þar sem Hjónabandið hélt uppi

stuði. „Það er að verða fastur liður að Hjónabandið spili á blótinu enda kann það þjóðsöng Hnífsdælinga sem búinn var til úr ýmsum línnum úr skemmtivísnum og sunginn er á hverju þorablóti“, segir Margrét. Kvenfélagið Hvöt sá að vanda um framkvæmd blótsins og var þetta í 59. sinn sem það var haldið. Þorsteinn J. Tómasson kom við á þorablótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.



Fagnar 100 ára afmæli

Kvenfélagið Von á Þingeyri fagnar 100 ára afmæli í þessum mánuði og af því tilefni verður boðið til afmæliskaffis í félagsheimili staðarins 18. febrúar. Á bóndadag færðu kvenfélagskonur öllum heimilum í þorpinu rós ásamt boðskorti í afmælið. Þær ætla þó ekki að láta staðar numið þar heldur halda upp á afmælið með ýmsum hætti út árið. Kvenfélagið var stofnað sunnudaginn 17. febrúar 1907.

Alvestfirskt fyrirtæki á nígerískum markaði

Klofningur ehf., á Suðureyri var stofnað í janúar 1997 og fagnar því 10 ára afmæli um þessar mundir. Klofningur er fyrirtæki sem sérhæfir sig í úrvinnslu auka afurða á fiski. Meginstöðin í starfsemi fyrirtækisins hefur verið þurrkun á hausum fyrir Nígeríumarkað. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan fyrirtækið var stofnað en á síðasta ári tók fyrirtækið á móti rúmum 12.500 þúsund tonnum af hráefni. Í dag hefur fyrirtækið fimm starfsstöðvar; á Suðureyri, Ísafirði, Brjánslæk og Tálknafirði. Klofningur hélt ærlega upp á afmælið sitt um miðjan janúar er fyrirtækið bauð til heljarinnar veislu í húsaýnum sínum á Suðureyri. Í tilefni af afmælinu var ákveðið að verja einni milljón króna til umhverfismála á Suðureyri. Bláðið ræddi við Guðna A. Einarsson framkvæmdastjóra fyrirtækisins um upphafið og reksturinn í dag.

– Hvert var upphaf fyrirtækisins?

„Það byrjaði nú þannig að nokkrum okkar í fiskvinnslunni fannst óþarfi að flytja fiskhausana austur og norður í land. Raunverulega var allt til staðar sem til þurfti á Suðureyri til þess að vinna þá þar.“

– Var ætlunin alltaf að flytja afurðina alla leið til Nígeríu?

„Já Nígería er í sjálfu sér eini markaðurinn. Síðan höfum verið að prófa okkur áfram í ýmsu öðru. Klofningur er í dag alhliða úrvinnslufyrirtæki sem sérhæfir sig í auka afurðum. Markmiðið er að ná að nýta allt sem fellur til hliðar í hefðbundinni fiskvinnslu og gera sem mest verðmæti úr því.“

– Hversu margir starfsmenn eru hjá fyrirtækinu?

„Í dag starfa um 30 í fimm starfstöðum fyrirtækisins, tvær eru á Suðureyri, síðan er stöð á Ísafirði, Brjánslæk og Tálknafirði. Fyrirtækið er alvestfirskt. Aðaleigendur eru fiskvinnslufyrirtæki hér vestra og svo einstaklingar. Reksturinn hefur gengið ágætlega, þó þetta hafi komið hægt og sígandi.“

Fiskhausar sem súpubragðbætir

– Í gegnum starfið hefur Guðni oft farið til Nígeríu í



viðskiptaferðir, þar sem honum hefur verið vel tekið.

„Þegar við byrjuðum á þessu hélt ég að lítið væri á afurðina sem eitthvað drasl. Ég hafði því mikinn áhuga á því að fara út til að sjá hvernig útkoman væri á þegar varan væri komin á áfangastað. Mín stærsta uppgötvun þegar ég kom til Nígeríu var sú að innfæddir voru ekki að borða fiskhausana af því að þeir voru svo hollir heldur af því þeim fannst þeir svo bragðgóðir. Þá var búið að telja manni trú um að þeir væru að sækjast eftir eggjahvítnum eða einhverju þvíumlíku, sem auðvitað spilar ábyggilega líka inn í því þeim er ekkert sama um það hvað þeir láta ofan í sig. En aðalmálið var hversu gott þeim þykir þetta, hausarnir eru látnir í súpur til að fá almennilegt bragð.“

– Er markaðurinn í Nígeríu stór?

„Aðalmarkaðurinn er Bifrasvæðið en þetta hefur dreifst víða um Nígeríu og

nær raunverulega yfir allt landið í dag. Um er að ræða tvo þjóðflokka og þá aðallega annan þeirra sem er skipaður af 60-70 milljón manna. Þetta er gífurlega fjölmennur markaður. Það hefur nú verið meiri eftirspurn heldur en framboð síðan ég byrjaði í þessum bransa. Það hefur ekki verið vandamál að selja vöruna.“

– eru fleiri íslensk fyrirtæki á þessum markaði?

„Já, þetta er verður æ algengara. En í fyrstu ferðinni okkar þangað út 1998 hafði ekki verið unnið að markaðssetningu sem slíkri í Nígeríu. Það hefur verið gert síðan svo segja má að það hafi verið brotið blað í sögu þarna.“

Chief í konungsdæminu Abríba

– Nígeríumenn hafa tekið þér afar vel, og þú fékkst mikilvæga nafnbót fyrir nokkrum árum ekki satt?

– Jú það má nú segja að sé önnur saga“, segir Guðni og

hlær. „Það var í konungsdæminu Abríba að ég og Hilmar Daníelsson, fyrverandi framkvæmdastjóri Fiskmiðlunar Norðurlands, vorum sæmdir höfðingjatign og berum nú titilinn „chief“ í ríkinu. Nafnbótina fengum við eftir kúnstarrinnar reglum í þorpi sem heitir Abríba.“

– Var það ekki mikill heiður?

„Það má segja að enginn er heiðraður með þessum titli nema að þeir telji hann hafa gert eitthvað fyrir land og þjóð. Þannig túlka ég það að minnsta kosti. Nafnbótin hefur alveg hellings áhrif þarna úti og maður komst bara á annan stall í næstu ferðum eftir á.“

– Og að lokum hvernig kom nafnið Klofningur til?

„Það voru Súgfirðingar og Flateyringar sem stofnuðu fyrirtækið og gamla leiðin á milli Suðureyrar og Flateyri er kölluð Klofningur. Okkur fannst því við hæfi að nota það nafn“, segir Guðni.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Austanátt, snjócoma eða slydda sunnan- og austantil, en annars skýjað með köflum og yfirleitt þurr. **Horfur á laugardag:** Austlæg átt g víða rigning eða slydda og hiti 0-6 stig. **Horfur á sunnudag:** Austlæg átt g víða rigning eða slydda og hiti 0-6 stig, en yfirleitt þurr á Norðurlandi og hiti undir frostmarki.



Sælkeri vikunnar er Þórunn Anna Elíasdóttir á Ísafirði

Kjúklingasalat, ítalskt brauð og rabarbarakaka

Sælkeri vikunnar býður upp á kjúklingasalat, ítalskt brauð og rabarbaraböku í eftirrétt. „Þetta er salat sem ég og systir mín gerum oft og er í miklu uppáhaldi. Það hentar bæði á heitum sumardegi og þegar maður er komin með nóg af þungum þorramat sem landinn treður í sig þessa dagana. Uppskriftin dugir fyrir 4-5, en auðvelt er að minnka hana og stækka eftir þörfum. Einnig fylgir með uppskrift af ítölsku brauði með sólpurrkuðum tómötum og í eftirrétt er rabarbarabaka“, segir Þórunn Anna.

Kjúklingapastasalat

500 g pasta-slaufur
4 kjúklingabringur (ef lítil tími er til eldunar þá er sniðugt að kaupa tilbúna kjúklingabita)
Beikon – ca 1 bréf
Kál (lambhaga, spínat eða klettasalat)
Cherrytómatar
Blaðlaukur
Paprika
Annað grænmeti eftir smekk.
Hvítlauksolía (brytjaður hvítlaukur og matarolíu)
Furuhnetur

Pastað er soðið og beikonið steikt en það er síðan klippt í búta. Kjúklingurinn er skorinn í bita, steiktur og kryddaður lítillega. Þetta allt má jafnvel elda deginum áður. Grænmetið er skorið niður í hæfilega stóra bita. Magn fer eiginlega eftir smekk, en í þetta fer oftast einn salathaus, ein paprika, einn blaðlaukur og einn kassi af tómötum. Þegar pastað er tilbúið, er hvítlauksolíunni hellt yfir, ekki of miklu. Frekar að hver bæti við eftir smekk eftir á. Öllu er síðan blandað saman í stóra skál og borðað með brauðinu.

Ítalskt brauð með sólpurrkuðum tómötum

7 g þurrger
1 tsk sykurl
1 ½ dl volgt vatn
2-3 sólpurrkaðir tómatar
1 msk graslaukur
½ rauð paprika

1 tsk rósmaryn
1 tsk oregano
300 g hveiti
½ tsk salt
1 tsk ólífuolíu

Leysið gerið og sykurlinn upp í örliðu af vatninu. Hræðið vel. Bætið afgangnum af vatninu saman við og látið bíða á volgum stað í fimm mínútur. Saxið sólpurrkaða tómata, graslauk og paprika. Hræðið saman við gerblönduna ásamt kryddi. Sigtuð hveiti og salt í stóra skál. Hellið gerblöndunni út í og hnoðið vel. Breiðið plastfilum yfir skálina og látið hefast á volgum stað í eina klst. Eða þar til það hefur tvöfaldast að stærð.

Hnoðið deigið aftur í 2-3 mín. Bætið e.t.v. smá hveiti saman við. Fletjið deigið út í hringlaga brauð, 23 cm í þvermál. Setjið á bökunarplötu með pappír. Penslið brauðið með ólífuolíu og skerið mynstur ofan á brauðið. Látið hefast í 30 mín. Bakið í 200°C heitum ofni í 25 mín.

Rabarbarakaka

Ca. 400 g rabarbari (bestur þessi rauði)
2 epli eða perur
Marsipan
½ dl hveiti
2 ½ dl sykurl
2 egg
1 ¾ dl hveiti
1 ½ dl púðursykurl
50 g smjör

Skerið rabarbarann í 2 cm bita. Blandið saman rabarbara, eplum, hveiti, sykri og eggjum. Setjið í smurt eldfast mót (u.þ.b. 24 cm í þvermál). Ef um frosinn rabarbara er að ræða þá er gott að strá aðeins kartöflumjöli yfir í forminu svo þetta verði ekki of blautt.

Marsipan eftir smekk mulið yfir. Myljið saman hveiti, púðursykurl og smjör, dreifið yfir rabarbarafyllinguna. Þetta er bakað við 200°C í svona 45 mín. Berið fram volgt með rjóma og/eða ís.

Ég skora á systur mína, Albertínu Elíasdóttur á Ísafirði að vera sælkeri næstu viku.



Niðursoðin þorskalifur tilbúin til útflutnings.

Þorskalifur seld til Rússlands

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., hefur hafið útflutning á niðursoðinni lifur úr þorski og eftirspurn er meiri en framboð að sögn Kristins Kristjánssonar framleiðslustjóra hjá HG.

„Lifrin kemur að mestu úr eldisfiski úr Álftafirði en einnig höfum verið að fá hráefni frá bátum og fiskmörkuðum hér á Vestfjörðum en okkur vantar meira.“

Sex manns starfa í verksmiðjunni sem er til húsa í Frosta í Suðavík þar sem hluti húsnæðisins er nýttur undir fiskmarkað og vinnslu á eldisþorski. Lifrin er ætluð til mannelis og hefur hún verið seld til Frakklands og nú nýlega til Rússlands. Vinnslan og markaðssetningin er í samstarfi við erlenda fyrirtækið Larsen Seafood sem sér um flytja vöruna út.

Hraðakstur í göngunum

Fimm ökumenn voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í Vestfjarðargöngunum og á veginum til Súgandafjarðar í vikunni. Í Vestfjarðargöngunum er hámarkshraði 60 km en sá sem hraðast ók var mældur á 114 km. hraða. Á veginum til Súgandafjarðar voru þrír ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur þar sem hámarkshraði er 90 km. og var hraði þess sem hraðast ók 118 km.

Lögreglumenn í eftirlitsferð óku fram á bílveltuvíð Kaldá í Önundarfirði í byrjun síðustu viku. Ökumaður jeppa, sem var einn í bílnum, hafði misst stjórn á honum í hálfu og jeppinn olti út fyrir veginn. Ökumaðurinn hafði ekki slasast en jeppinn var nokkuð skemmdur og var fluttur óökuhæfur af vettvangi.




Afstöðumynd af vinnusvæðinu í Mjóafirði og Ísafirði í Ísafjarðardjúpi. Mynd: Vegagerðin.

Framkvæmdir hafnar við Djúpveg

Verktakafyrirtækin KNH og Vestfirskir verktakar hafa hafið handa við vegaförum framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi, en um er að ræða eitt af stærstu verkum sem boðin hafa verið út í vegagerð hérlendis. Að sögn Sigurðar Óskarssonar hjá KNH leggst verkið vel í þá. „Við byrjuðum um leið og búið var að skrifa undir. Þetta leggst bara vel í okkur, við byrjum í Reykjarfirði að fylla í fjörðinn að brúarstæði þar svo það sé hægt að komast í að byggja brúna þar.“ Samningurinn var með þeim stærri sem Vegagerðin hefur undirritað á síðustu misserum og samningsupphæðin liðlega einn milljarður króna. Auk

vegagerðarinnar er innifalið í verkinu að smíða þrjár brýr, þá stærstu á Mjóafirði sem yrði 130 metra löng stálboga-brú en hinar eru 60 metra brú á Reykjarfirði og 10 m brú við Vatnsfjarðarós. Brúin á Mjóafirði liggur milli lands og Hruteyjar að austanverðu en að vestanverðu er gert ráð fyrir vegfyllingu.

Þegar þessum framkvæmdum lýkur seint á næsta ári ásamt lagningu bundins slitlags á kafla í vestanverðum Ísafirði verður Djúpvegur lagður bundnu slitlagi allt milli Hólmavíkur og Bolungarvíkur. Leiðin er álfka löng og núverandi leið yfir Eyrarfjall. Sú leið hefur yfirleitt verið



Byggð verður 130 metra löng stálboga-brú yfir í Hrutéy.

lokuð vegna snjóþyngsla og þungatakmakana kringum fjóra mánuði á ári. Þá hafa vegfarendur þurft að taka á sig 35 km krók út fyrir Vatnsfjarðarnes eftir mjóum og sein-

förnum vegi. Reykjanesleiðin liggur hins vegar meira og minna með ströndum fram og er því snjóléttari og er það ástæða þess að sú leið er valin. Á Vatnsfjarðarhálsi, milli

Mjóafjarðar og Vatnsfjarðar, fer vegurinn mest í 90 m hæð yfir sjó. Vegalengdin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur um Steingrímsfjarðarheiði verður 496 km. – thelma@bb.is

Álagningu fasteignagjalda lokið hjá Ísafjarðarbæ

Álögð fasteignagjöld fyrir 2007 hjá Ísafjarðarbæ eru alls 336,6 millj.kr. Á íbúðarhúsnæði, sumarbústaði og húsnæði í dreifbýli var lagt 201,2 millj.kr. en 135,4 millj.kr. á fasteignir fyrirtækja og stofnana. Í fasteignagjöldum er fasteignaskattur, lóðarleiga, holræsagjald, vatnsgjald og sorpgjald á íbúðarhúsnæði. Fasteignamat hækkaði um 10% á íbúðarhúsnæði á Ísafirði en er óbreytt á milli ára á

íbúðarhúsnæði í öðrum byggðahlutum Ísafjarðarbæjar og atvinnuhúsnæði. Alls eru fasteignir og lóðir í Ísafjarðarbæ metnar á 20,2 milljarða kr. Fjöldi íbúða er 1.726 íbúðir en aðrar fasteignir, lóðir og mannvirki sem metnar eru í fasteignamat eru 2.691.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði er 0,45% og 1,60% á annað húsnæði, lóðarleiga er 1,80% á íbúðarhúsnæði en 3,00% á

annað húsnæði, vatnsgjald er 0,30% og holræsagjald er 0,26%. Sorpgjald á íbúðarhúsnæði er 29.000 kr. á íbúð. Lögadilar greiða sorpeyðingargjald samkvæmt gjaldskrá. Aldraðir og öryrkjar fá niðurfelldan fasteignaskatt og holræsagjald allt að 74.000 kr. og er niðurfellingin tekju tengd. Alls fengu 152 aldraðir íbúðareigendur og öryrkjar niðurfellingu að þessu sinni.

– annska@bb.is



Álögð fasteignagjöld fyrir 2007 hjá Ísafjarðarbæ eru alls 336,6 millj.kr.